

Afurðaverk í hámarki
 Horfur á lækkunum



Jólaverslun Íslendinga
 Munum eyða sem aldrei fyrr



Besti biti stjórnenda
 Sjávarréttakjallarinn hefur vinninginn



VÍÐ MJÓLKURKÆLINN Mjólkurafurðir hafa hækkað í verði á meginlandi Evrópu og framleiðsla aukist. Um leið hefur hækkað verð á aðföngum vegna framleiðslunnar.

Hækkun á mjólk í pípunum

Mjólk kann að hækka um allt að fimmtung í heildsölu um áramót gangi eftir væntingar um verðhækkun á aðföngum til bænda.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landsmálaráðs kúabænda, segir bændur búast við hækkun á áburðarverði í takt við hækkunir sem átt hafi sért stað á fóðurbæti. Þá plagi hátt vaxtastig í landinu bændur sem bætt hafi við sig skuldum í endurbótum tengdum mjólkurframleiðslu.

Verðlagsnefndbúvara, svokölluð sexmannanefnd, tekur ákvörðun um heildsöluverð mjólkur. Gert er ráð fyrir verðbreytingu um áramót eftir verðstöðvun síðustu tvö ár.

- óká / Sjá síðu 12

TrackWell
 FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

SPRON tapar | SPRON skilaði 850 milljóna króna tapi á þriðja ársfjórðungi. Á sama tímabili í fyrra hagnaðist félagið um rúma sjö milljarða. Tapið skýrðist fyrst og fremst af hræringum á fjármálamörkuðum að undanförunu.

Minni hagnaður | Sænska tryggingafélagið Sampo skilaði 16,4 milljarða króna hagnaði eftir skatta á þriðja ársfjórðungi, sem er fjórðungi minna en á sama tíma í fyrra. Exista á tuttugu prósentu hlut í félaginu.

Höfnuðu Landsbankanum | Stjórnendur breska bankans Close Brothers Group höfnuðu yfirtöku tilboði Landsbankans og breska verðbréfafyrirtækisins Cenkos Securities upp á 950 pens á hlut, eða 178 milljarða íslenskra króna.



Markaðir titra | Mikil lækkun hagnaðs gekk yfir hlutabréfamarkaði í síðustu viku. Lokagengi úrvalsvisítölu Kauphallar Íslands fór niður í 7.199 stig á föstudag. Það gildi hafði ekki sést frá því snemma í febrúar.

Undir spám | Føroya Banki hagnaðist um 22,3 milljónir danskra króna á þriðja ársfjórðungi, eða um rúmar 256 milljónir íslenskra króna. Það er undir 27,2 milljóna spá Landsbankans, sem spáði einn íslensku bankanna fyrir um gengið.

Marel tapar | Á þriðja ársfjórðungi nam bókfært tap Marel Food Systems 5,7 milljónum evra eftir skatta, eða tæpum 500 milljónum króna. Í tapinu vegur þungt reiknað tap vegna lækkunar á bréfum í Stork í Hollandi.

Hækkun vaxta | Allar líkur eru á að vextir á nýjum útlánum Íbúðalánasjóðs hækki á næstunni. Vextir á lánunum til húsnæðis kaupna eru nú yfirleitt hærri en sex prósent, nema hjá Landsbankanum og Íbúðalánasjóði.

Ásókn í evrur eykst til muna milli ára

Metfjöldi umsókna um uppgjör í erlendri mynt liggur fyrir hjá Ársreikningaskrá. Fjölgun á árinu nemur 49 prósentum.

Óli Kristján Ármannsson
 skrifar

„Hér liggja fyrir óafgreiddar umsóknir 53 félaga,“ segir Guðmundur Guðbjarnason, forstöðumaður Ársreikningaskrár hjá Ríkisskattstjóra um ásókn fyrirtækja í að færa ársreikninga og gera upp í erlendri mynt. Hann segir slíkan fjölda alveg einstakan og augljóst að ásókn í að gera upp í erlendri mynt sé stóraukin.

„Hafa þér þó í huga að þarna er mikið af dótturfyrirtækjum. En töluvert er um það að stofnuð séu dótturfélög utan um erlendar eignir samstæðu og tekjur af þeim. Þetta er dálítið áberandi núna, þannig að 53 félög segja ekki alveg rétta sögu,“ bætir Guðmundur við.

Þegar hafa verið afgreiddar á árinu umsóknir 29 félaga hjá Ársreikningaskrá. Um síðustu áramót höfðu 167 félög heimild til að gera upp í erlendri mynt. Tæp 60 prósent þeirra félaga gerði upp í Bandaríkjadal og tæpum þriðjungur í evrum. Ári áður var evran með tæplega fjórðungshlutféld. Miðað við fjölgun ársins og hlutföll gjald-

miðla í fyrirliggjandi umsóknum má hins vegar gera ráð fyrir að hlutféld evru í uppgjöri fyrirtækja sem færa reikninga í erlendri mynt verði nálægt 45 prósentum.

Af þeim umsóknum sem eftir á að afgreiða hjá Ársreikningaskrá vilja um 85 prósent færa reikninga sína í evrum. „Evran er þarna mjög áberandi, en 45 sækja um hana og átta um aðra mynt,“ segir Guðmundur og bætir við að þarna sé nokkur breyting frá því sem áður var. „Dollarinn var nokkuð algengur í heildina.“

Guðmundur segir hins vegar ekki hægt að segja fyrir um það strax hverjir komist í gegn um nálaraugað hjá stofnuninni og því liggja hlutföll gjaldmiðla ekki endanlega fyrir. „Það er kannski ekki mikið um það, en kemur auðvitað fyrir að fyrirtæki uppfylli ekki skilyrði laganna,“ segir hann og vísar þar til ákvæða í áttundu grein laga um ársreikninga um heimild til færslu reikninga í erlendri mynt. Fá félögin 53 öll heimild Ársreikningaskrár til að færa reikninga í erlendri mynt fjölgar félögum með slíka heimild um 82 á þessu ári og verða 249 um áramót.

Verslanir hættar að auglýsa

Margar af vinsælustu tiskuvörverslunum í miðborginni eru hættar að auglýsa í hefðbundnum miðlum. Samskipti um netið virka betur.

Langflestar af vinsælustu tiskuvörverslunum í miðbæ Reykjavíkur hafa snúið baki við hefðbundnum auglýsingamiðlum að miklu leyti. Í staðinn nýta þær netsamfélög á borð við Myspace og póstlista til að viðhalda sambandi sínu við kúna og ná í nýja. Þeirra á meðal eru verslanirnar Kron kron, KVK, Glamúr og Nakti apinn. „Myspace hefur virkað miklu betur fyrir okkur en hefðbundnar auglýsingar,“ segir Ásgerður Ottesen, stílisti Gyllta kattarins. „Um leið og við höfum frá einhverju að segja, til dæmis þegar við fáum nýjar vörur, sendum við út tilkynningu á Myspace og fáum strax mikil viðbrögð.“

Verslunin er nær alveg hætt að auglýsa í hefðbundnum miðlum.

„Við höfum bara keypt auglýsingu í einu blaði í ár og höfum ekki séð ástæðu til að gera það aftur. Áður en við settum upp Myspace-síðu vorum við kannski að auglýsa tíu sinnum á ári.“ Gríðarleg viðbrögð voru við síðustu útsölu verslunarinnar, sem eingöngu var auglýst á Myspace. „Við óttuðumst að við værum að gera mistök með því að auglýsa útsölu bara á Myspace. En við hefðum ekki þurft að hafa áhyggjur af því, viðbrögðin voru rosaleg.“

Forsvarsmenn annarra miðbæjarverslana taka í sama streng. Sara Eypórsdóttir, eigandi Nakta apans á Laugaveginum, auglýsti síðast verslun sína í sjónvarpi um síðustu júl og ætlar að gera það aftur fyrir þessi jól. Þess

á milli hefur hún eingöngu notað heimasíðu félagsins, þar sem haldið er úti vefverslun, vikulegt fréttabréf og Myspace til að koma skilaboðum til kúna.

Verslunin Kron kron hefur aldrei notað hefðbundna miðla til auglýsinga. „Við höfum ekki þurft að auglýsa hingað til,“ segir Stefán Svan Aðalheiðarson verslunarstjóri. „Frá upphafi höfum við notast við póstlista. Hann er nauðsynlegur til að ná til margra af okkar fastakúnum. En til yngra fólksins náum við fyrst og fremst í gegnum Myspace. Þegar við látum inn tilkynningu um nýjar vörur eða sérstaka viðburði lítur fólk oftar en ekki við samdægurs. Þessi miðill hefur því mikið að segja fyrir okkur.“ - hhs

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 14,3%*
- GBP 6,4%*
- DKK 5,6%*
- USD 5,0%*
- EUR 4,2%*
- CAD 6,5%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðill sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbóðsýslungu og útdráttar úr útbóðsýslungu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. okt. - 1. nóv. 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,8%	58,7%
Bakkavör	-2,7%	-3,5%
Exista	-5,2%	30,2%
FL Group	-5,9%	-13,1%
Glitnir	-3,9%	9,9%
Eimskipafélagið	-4,9%	20,0%
Icelandair	-3,5%	-15,2%
Kaupþing	-5,1%	16,5%
Landsbankinn	-6,0%	50,9%
Straumur	-5,3%	-1,7%
Teymi	-2,1%	20,3%
Össur	0,2%	-9,1%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Landsbankinn sveik samning TM

„Ég tel þjónustu tryggingarfélaganna sjálfra vega mikið þyngra um hvar fólk vill tryggja og það láti ekki eignatengsl bankanna við önnur tryggingafélög hafa áhrif á sig,“ segir Sigurður Viðarsson, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar (TM). Greint var frá því í Markaðnum á miðvikudag að Landsbankinn hefði hafið samstarf við Vörð tryggingafélag og væri nú um mundir að kynna viðskiptavinum sínum það félag. Bankinn var áður í samstarfi við TM.

„Við sögðum upp samstarfinu við Landsbankinn núna í haust þegar þeir hófu samstarf við Vörð, en það var brot á samstarfssamningnum við okkur,“ segir Sigurður og telur í sjálfu sér ekki óeðlilegt að Landsbankinn vilji fremur selja tryggingar fyrir Vörð, enda eigi bankinn í félaginu. „Ég hins vegar trú því að viðskiptavinir okkar séu ekkert á neinum hlaupum. Við erum enda nýbúin að fá þá mæl-



SIGURÐUR VIÐARSSON Forstjóri TM óttast ekki samkeppni frá öðrum tryggingafélögum, enda viðskiptavinir félagsins þeir ánægðustu hér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ingu að viðskiptavinir okkar séu þeir ánægðustu hjá tryggingarfélagnum.“

- óká

Glitnir mælir með Bakkavör

Bakkavör er góður langtímakostur fyrir fjárfesta að mati greiningardeildar Glitnis. Helstu ástæður þess eru góð og stöðug arðsemi félagsins, hagkvæm fjármögnun og öflugir stjórnendur sem sýnt hafa góðan árangur síðustu ár. Þá er útlitið fyrir neyslu tilbúinna rétta á helstu markaðssvæðum talið gott.

Greiningardeildin metur Bakkavör á sjötíu krónur á hlut. Það var 13,6 prósentum yfir gengi félagsins á hlutabréfamarkaði við útgáfu verðmatsins. Miðað við það er virði félagsins rétt rúm 150 milljarðar króna.

- hhs



STJÓRNARMENN Á ÁRSFUNDI Ársfundur Stork í mars var haldinn í skugga deilna við hluthafana sem þá voru stærstir, fjárfestingarsjóðina Centaurus og Paulson. MARKAÐURINN/AFP

Málamiðlunar var þörf

Hollenska iðnfyrirtækið Stork er gagnrýnt í niðurstöðum rannsóknar hollensks áfrýjunardómstóls.

Hollenska iðnsamstæðan Stork hefur átt að leita til þriðja aðila til að miðla málum í deilunni við fjárfestingarsjóðina Centaurus og Paulson sem hófst í fyrra. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem viðskiptaråd áfrýjunardómstólsins í Amsterdam kallaði eftir í byrjun þessa árs og birt var í gær.

Stork hafnar niðurstöðum rannsóknarinnar og segir þær byggja á röngum og ófullnægjandi gögnum. Þannig sé ekki tekið nægilegt tillit til sjónarmiða sem tengist framtíðarstefnu og skipulagi félagsins. Þá skekkist niðurstaða rannsóknarinnar af vanga-veltum.

Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyris Invest og

stjórnarformaður Marel Food Systems, segir óljóst hvort niðurstaða rannsóknarinnar hafi einhver áhrif nú. Hann bendir á að í fyrrihaust hafi Centaurus og Paulson verið stærstu hluthafar Stork. „En við áttum engan þátt í þessum deilum. Hins vegar var alveg ljóst að við vorum ekki sammála stjórnendum Stork um aðferðafræðina sem notuð var,“ segir hann.

LME, eignarhaldsfélag Eyris, Landsbankans og Marels, á nú í viðræðum við Stork og fjárfestingarsjóðina Candover um kaup á matvælavinnsluvélahluta Stork samhliða því að Candover kaupi það sem eftir stendur í samstæðunni. LME á þegar yfir 43 prósent hlut í Stork.

- óká

Formleg beiðni á leiðinni

Ólík sjónarmið kalla á sérstaka yfirlegu.

Afskráning Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum úr OMX Kauphöll Íslands er mjög sérstakt mál sem kallar á vandlega yfirlegu, að mati Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar. Stjórn Vinnslustöðvarinnar sendir í vikunni á ný beiðni til Kauphallar um afskráningu félagsins.

Sérstaða málsins segir Þórður að felist í að næststærsti hluthafi félagsins, Stilla með þriðj-

ungshlut, setji sig upp á móti afskráningunni.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar fór fram á afskráningu í september, en Kauphöllin fór fram á að hluthafafundur fjallaði um málið. Fyrir helgi kusu 60 prósent með afskráningu, en Stilla á móti. Eyjamenn ehf. eiga rétt rúm 50 prósent. „Við látum skoða lögfræðilega hlið málsins mjög vandlega bæði innan húss og utan,“ segir Þórður.

- óká

Afurðaverð í hámarki

Horfur eru á því að saltfisksverðið lækki. Karfi hefur þegar lækkað í verði á Evrópumarkaði. Veiking Bandaríkjadals vinnur gegn hækkun afurðaverðs vestanhafs.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Afurðaverðið er í sögulegu hámarki,“ segir Valdimar Halldórsson hjá Greiningu Glitnis, um verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Hann bendir á að þegar afurðaverðið sé skoðað sé best að miða við verðið í erlendri mynt. Á línuriti má sjá þróun afurðaverðs bæði í íslenskum krónum og í SDR, gjaldeyriskörfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sjá má að afurðaverð hefur hækkað jafnt og þétt á alþjóðlegum mörkuðum undanfarna ár. Útflutningur sjávarafurða skapar um 40 prósent af gjaldeyris-tekjum þjóðarinnar.

Þegar rýnt er í tölur Fiskistofu um verð á erlendum mörkuðum má sjá að verðið í íslenskum krónum hefur haldist tiltölulega hátt undanfarna mánuði.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var verðmæti þorskaflans af Íslandsmiðum tæpir nítján milljarðar króna frá janúar til júlí í ár, rúmum þremur milljörðum króna meira en í fyrra.

Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri framleiðslu- og sölumála hjá Þorbirni í Grindavík, segir að afurðaverðið hafi yfirleitt hækkað á öllum sjávarafurðum. „Saltfisksverðið hefur hækkað frá sama tíma í fyrra. Við sjáum þó ekki hækkun í Portúgal.“

Gunnar segir að hátt afurðaverð hafi að einhverju leyti unnið gegn háu gengi krónunnar, en fleiri gjaldmiðlar hafi áhrif. „Þótt afurðaverðið hafi hækkað í Bandaríkjunum eins og annars staðar, þá dugur það ekki til að vega upp á móti veikingunni á dollarnum.“ Það staðfestir Svavar Svavarsson, markaðsstjóri HB Granda, en bætir því við að Bandaríkjamarkaður sé ef til vill ekki jafn stór og til að mynda Evrópumarkaður.

Birgir Bjarnason, framkvæmdastjóri Íslensku umbodssöslunnar, segir að saltfisksverðið hafi hækkað töluvert í haust. Það skýrist einkum af minna magni, sem aftur skýrist af kvótakerðingu og slæmu veðri. „Við reiknum með því að verðið sé komið upp í topp í bili,“ segir Birgir og tekur undir með Gunnari um að verðið í Portúgal fari lækkaandi. Hins sama verði þó ekki vart á Spáni, Ítalíu og Grikklandi.


Svavar Svavarsson segir erfitt að spá fyrir um þróun afurðaverðs. „En ég tel samt frekar ólíklegt að það haldi áfram að hækka.“ Íslenskar sjávarafurðir keppi við ýmsar ódýrar tegundir eins og Pangasius, eldisfisk frá Víetnam og Alaska-ufsann.



GULLIÐ SÓTT Í GREIPAR ÆGIS Afurðaverðið er í sögulegu hámarki en menn búast við því að það fari að lækka.

HB Grandi veiðir mest af karfa hér við land. Svavar staðfestir að karfaverðið hafi lækkað. „Sennilega um einhver tíu til tuttugu prósent.“ Verðlækkunin hafi ekki verið óviðbúin, enda verðið í sögulegu hámarki í fyrra. Það sé þó enn mjög hátt í stórmörkuðum í Þýskalandi, sem sé stærsti markaðurinn fyrir karfaflök. Þar sé verðið út úr búð um sex evrur á kílóíð og hafi aldrei verið herra.

VERÐVÍSITALA SJÁVARAFURÐA, ISK OG SDR



Nýtt
andrúmsloft
á fundum

Sex nýir fundar- og ráðstefnusalir,
hver með sinn persónuleika.

Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Kemur ekki á óvart!

SPRON Verðbréf eru augljóslega besti kosturinn.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **15,4%***

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,4% ávöxtun*



Glitnir
Sjóður 9
15,1% ávöxtun*

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
15,0% ávöxtun*

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
14,1% ávöxtun*

Bjargvættur í auglýsingu

Gengi hlutabréfa í breska bankanum Northern Rock rauk upp um átta prósent á mánuðag eftir að þarlenda fjárfestingarfélagið Olivant skýrði frá því að það hefði áhuga á að kaupa tíu til tuttugu prósent hlut í bankanum og væri tilbúð þegar á borðinu. Hækkunin gekk að nokkru leyti til baka í gær.

Gangi áætlanirnar eftir munu stjórnendur frá Olivant taka sæti í bankanum og reyna eftir fremsta megni að koma rekstrinum á réttan kjöl í félagi við sitjandi stjórn, að sögn

breska dagblaðsins Guardian, sem þó tekur fram að þótt ekki liggi fyrir um málið megi reikna með að Arnold Olivant, forstjóri félagsins, muni taka við forstjórastóli Northern Rock.

Gengi Northern Rock hefur verið á fleygiferð upp og niður eftir að stjórnendur hans greindu frá því í september að þeir hefðu tryggt sér vilýrði fyrir neyðarláni frá Englandsbanka ef ske kynni að bankinn lenti í fjárþröng vegna aðstæðna á fjármálamarkaði.

- jab

Fjárfestingarrisinn undir væntingum

Blackstone Group, stærsta fjárfestingarfélag í heimi, sem meðal annars á Hilton-hótelkeðjuna, tapaði 113,2 milljónum dala, jafnvirði rúmra 6,9 milljarða íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við 372,5 milljóna dala hagnað á sama tíma í fyrra. Þetta er þriðjungi verri afkoma en markaðsaðilar reiknuðu með.

Stærstu liðirnir liggja í miklum kostnaði við hlutafjárútbóð félagsins og lægri tekna af fasteignum en reiknað var með. Stjórnendur félagsins segja vanskilaaukningu á undirmáls-

lánamarkaði hafa komið illa við kaunin á fjárfestingarrisanum.

Fréttaveitan Bloomberg segir þá Stephen Schwarzman, forstjóra og annan stofnenda Blackstone Group, hafa haft puttann á púlsinum því skömmu áður en fjármálakrísan reið yfir í sumar dró félagið mjög úr skuldsetningu yfirtökum.

Blackstone Group hefur ekki átt góðu gengi að fagna síðan það var skráð á markaði í júní. Þótt hlutafjárútbóðið hafi tekist afar vel hefur það fallið um 28 prósent á tímabilinu og stendur nú í um 22 dölum á hlut.

- jab



FORSTJÓRINN KÍMIR Óvíst er hvort Stephen Schwarzman, forstjóri og annar stofnenda Blackstone Group, brosi þessa dagana enda var afkoma félagsins talsvert undir væntingum á síðasta ársfjórðungi.

MARKAÐURINN/AFP

Milljarðatekjur af hugbúnaði


Tekjur af útflutningi á hugbúnaði og hugbúnaðarþjónustu námu hátt í 6,3 milljörðum króna í fyrra, en voru innan við fimm milljarðar árið á undan. Samkvæmt úttekt Seðlabankans hafa útflutningstekjurnar 200-faldast frá árinu 1990. Vöxturinn hefur verið stöðugur ef frá er talið árið 2001 þegar lítillaga dró úr innflutningi.

Hugbúnaðar- og tölvuþjónusta sem hlutfall af heildarútflutningi nemur nú um 1,6 prósentum. Tæp þrettán prósent hugbúnaðarvirkis standa fyrir 85 prósentum af útflutningnum, en úttekt Seðlabankans byggist á könnun hjá 112 fyrirtækjum.

Ríflega helmingur af þessum útflutningi fer til Evrópu en tæpur þriðjungur fer vestur um haf. Útflutningur til Asíu hefur margfaldast. Hann nam 1,1 prósent í hittifyrri en rúmum sex prósentum í fyrra.

Ársvelta hugbúnaðarfyrirtækja nemur nú tæpum 34 milljörðum króna og hefur vaxið stöðugt frá árinu 1990. Þá hefur starfsmönnum á þessu sviði fjölgað úr um 1000 í 2.400 á sextán árum. Á sama tíma hefur starfsmönnum í öðrum atvinnugreinum fjölgað um rúman fimmtung. Hugbúnaðarstarfsmenn eru nú 1,4 prósent af heildarfjölda á vinnumarkaði.

- ikh



Wal-Mart yfir spám

Hagnaður bandarísku stórverslunarinnar Wal-Mart, einnar stærstu verslanakeðju í heimi, nam 2,86 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 174 milljarða íslenskra króna, á þriðja fjórðungi ársins, sem lauk í enda síðasta mánaðar. Þetta er átta prósentu aukning frá sama tíma í fyrra og nokkuð yfir væntingum markaðsaðila.

Tekjur verslunarinnar námu 91,95 milljörðum dala á tímabilinu samanborið við 84,47 milljarða á sama tíma í fyrra og skrifast á aukna sölu á öllum mörkuðum keðjunnar.

Lee Scott, forstjóri Wal-Mart, segir í samtali við fréttastofu Associated Press í gær, að afkoman skýrist af styrkum stöð-



FORSTJÓRI WAL-MART Lee Scott segir Wal-Mart standa styrkum fótum þrátt fyrir óróleika í efnahagslífinu.

MARKAÐURINN/AFP

um verslunarinnar í Bandaríkjunum jafnt sem erlendis þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi.

Markaðsaðilar vestra gera almennt ráð fyrir nokkuð meiri vexti í einkaneyslu um jólin en svartsýnisspár höfðu kveðið á um og þykja verslanaeigendur frekar bjartsýnni nú en fyrir viku.

- jab



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON Icelandair kemur vel út úr könnun á evrópskum flugfélögum í Evrópu. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi félagsins, segir verkefnið stöðugt en reynt sé eftir fremsta megni að hafa allt í góðu standi.

MARKAÐURINN/ANTON

Týndu tólf tösikum

Icelandair týndi rúmum tólf tösikum af hverjum þúsund á þriðja ársfjórðungi. Þetta er lítið í samanburði við önnur flugfélög.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Við reynum að hafa allt í góðu standi hjá okkur,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, en félagið kemur vel út í nýrri skýrslu Samtaka flugfélaga í Evrópu sem tekur á gæðamálum í flugi á þriðja fjórðungi ársins.

Samkvæmt skýrslunni féll ekkert flug niður hjá Icelandair á stuttum og millilöngum flugleiðum á tímabilinu auk þess sem tímasetningar stóðust í 75,8 prósentum tilvika. Flugfélagið Luxair trónir hins vegar á toppnum hvað tímasetningar varðar en áætlanir félagsins stóðust í rúmlega 88 prósentum tilvika. Félaginu varð hins vegar á að nokkur flug féllu niður. Þessu til viðbótar stóðust áætlanir skussans í hópnum, portúgalska flugfélagsins TAP Portugal, í einungis 55,5 prósentum tilfella. „Þetta er stöðugt verkefni, sem hefur gengið vel í nokkra mánuði,“ segir Guðjón og bendir á að margir utanaðkomandi þættir

VERSTU FLUGFÉLÖGIN

Portúgalska flugfélagið TAP Air Portugal hampar þeim vafasama titli að hafa týnt oftast farangri frá farþegum sem flugu með vélum félagsins í sumar en að meðaltali 11,8 tösukur týndust í hverju flugi, samkvæmt nýlegum upplýsingum Samtaka evrópskra flugfélaga. Breska risaflugfélagið British Airways er í öðru sæti.

Töskur á hverja 1.000 farþega	
1. TAP	35,1
2. British Airways	30,0
3. Alitalia	27,6
4. KLM	24,1
5. Air France	18,8
6. Spanair	18,7
7. Iberia	17,7
8. Luxair	16,8
9. Finnair	16,6
10. Lufthansa	16,6

vegi þungt í áætlanaflogi, svo sem flugumferðarstjórn, viðhald og veðurfar. „Það getur komið fyrir að hér sé slæmt veður. Ef tvær vélar tefjast í nokkra klukkutíma getur orðið seinkun hjá öllum,“ segir hann og bendir á að stundum megi lítið út af bregða. En vissulega hagnist lítil flugfélög með fáar flugleiðir á tölfræðinni á meðan þau sem séu mikið í loftinu og stoppi stutt við á jörðu niðri komi verr út.

Samkvæmt skýrslunni helst Icelandair mjög vel á tösikum farþega sem fljúga undir merkjum félagsins en einungis 12,3 tösukur af 1.000 fóru villur vegar á tímabilinu og situr Icelandair í níunda sæti af 28 á fjórðungnum. Skussinn, TAP Portugal, týndi hins vegar 35,1 tösuku af hverjum 1.000 á sama tíma. Air Malta trónar hins vegar í fyrsta sæti enda hvarf einungis 4,1 taska af hverjum þúsund. Guðjón segir erfitt að segja til um hver ástæðan sé að farangur týnist. „Þetta skrifast áreiðanlega á flókið dreifikerfi á flugvöllum og líklega í eðlilegu hlutfalli við stærð þeirra,“ segir hann.

TAPAS VEISLUÞJÓNUSTA
hápunktur veislunnar

SÍMI: 551 2344 WWW.TAPAS.IS

WWW.TAPAS.IS

Hvernig?

Hvernig tryggir
Marel Food Systems
starfsfólki í sex heimsálfum
aðgang að upplýsingum?

„Við rekum mjög öfluga veitu í *SharePoint* umhverfi fyrir fréttir og innri málefni. Þar eru einnig gæðahandbækur og undirsíður um afmörkuð verkefni, spjallþræðir, skjalasöfn, dagbækur og matseðill dagsins – í raun allt sem snýr að málefnum starfsmanna. Liðsmenn AppliCon hafa unnið með okkur við innleiðingu þessara lausna og þeirra þátttaka hefur skipt sköpum. Nú erum við að þróa með AppliCon sölu- og þjónustuvef sem mun nýtast söluskrifstofum okkar á öllum vígstöðvum.“

*Haraldur Gunnlaugsson, forstöðumaður
upplýsingatæknisviðs Marel Food Systems*

AppliCon er hugbúnaðar- og ráðgjafarfirmi á sviði SAP og Microsoft-lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. AppliCon starfar í fjórum löndum og starfsmenn eru um 200. Hjú AppliCon á Íslandi starfa yfir 80 manns. SAP er stærsta viðskiptahugbúnaðarfirmi heims og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleiðandinn. Nú starfa um 40.000 manns fyrir SAP í meira en 50 löndum.

AppliCon
- frá áskorun til árangurs

Yfirtekin lán þriðjungur af veltu

Ætla má að húsnæðis kaupendur hafi yfirtekið eldri lán fyrir hátt í 80 milljarða króna það sem af er ári. Það nemur um þriðjung af veltu á fasteignamarkaði. Veltan það sem af er ári nemur um 226 milljörðum. Samanlögð íbúðalán bankanna og íbúðalánasjóðs á sama tíma nema um 141 milljarði.

Kaupþing tilkynnti á dögnum að ekki yrði heimilt að yfirtaka eldri lán við eigendaskipti. Sama höfðu sparisjóðir og Frjálsi fjárfestingarbankinn áður gert.

Íbúðalánasjóður hafa lánað tæpa 56 milljarða króna það sem af er ári. Bankarnir hafa lánað um 50 milljarða króna í innlendum lánnum á sama tíma. Lán bankanna í erlendri mynt námu rúmum 35 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Lífeyrisjóðirnir lánuðu tæpa átta milljarða króna á fyrri hluta ársins. Ekki liggur fyrir hversu hátt hlutfall veltunnar er eigið fé húsnæðis kaupenda.

- ikh



FLUTT INN Á NÝJAN STAÐ Yfirtekin lán gætu numið þriðjung af heildarveltu á fasteignamarkaði.

Ávaxtaðu betur

15.2%*

Peningamarkaðssjóður

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000

KAUPPING
Hugsum lengra

Peningamarkaðssjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu.

Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 28/9/2007 - 31/10/2007.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

TEIKNAD Á EYÐUBLÖÐIN Eysteinn Jónsson, tveggja og hálfis árs, fékk sendan upplýsingapakka frá einum bankanna. Hann tók þegar til við að fylla út MiFID-eyðublöðin þegar þau bárust inn um lúguna. MARKAÐURINN/GVA

Gríðarlegur ko af innleiðingu

Íslensk fjármálafyrirtæki greiða hundruð milljóna króna hins opinbera er gagnrýndur. Þeir sem veita fjárfestingar *Ingimar Karl Helgason* fór yfir ýmsar hliðar regluverksins

Talið er að innan ESB hlaupi heildarkostnaðurinn á tugum ef ekki hundruðum milljarða króna. Þá er talinn með kostnaður allra aðila sem koma að málinu, það er að segja Evrópusambandsins, ríkisstjórnna, þjóðþinga, kauphalla, fjármálaeftirlits og fleira,“ segir Kristinn Arnar Stefánsson, regluvörður hjá Glitni, um kostnað við innleiðingu á nýjum lögum um verðbréfavíðskipti. Þetta eru svonefndar MiFID-reglur sem byggjast á tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) frá 2004 (Markets in Financial Instrument Directive).

„Mjög erfitt er að greina kostnaðinn nákvæmlega á íslensk fjármálafyrirtæki en ljóst er að hann er mjög mikill,“ segir Kristinn Arnar.

Aðrir sem Markaðurinn hefur rætt við telja að kostnaðurinn sem fellur til hér á landi hlaupi á hundruðum milljóna króna. Hins vegar starfi stærstu fjármálafyrirtækin víða í Evr-

ópu og erfitt sé að meta hversu mikill hluti kostnaðarinn falli til hér á landi.

Fyrirtækin þurfa meðal annars að þjálfa starfsfólk, breyta verkferlum, kaupa lögfræðiráðgjöf, uppfæra tölvukerfi, auk þess að upplýsa alla viðskiptavinum sína um breytingarnar.

TUGPÚSUNDIR EYÐUBLAÐA Í PÓST Fyrirtækin hafa undanfarið sent viðskiptavinum sínum upplýsingar um nýja regluverkið. Einar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Verðbréfasráðs Íslands, segir að um 60 þúsund einstaklingar eigi hlutabréf í skráðum félögum. Almennir fjárfestar, sem í flestum tilvikum eru einstaklingar með takmarkaða hlutabréfaeign, verða samkvæmt nýju lögnum að samþykkja sérstaklega að fjármálastofnun haldi áfram að ráðleggja þeim um verðbréfavíðskipti.

MESTA BREYTINGIN FRÁ EES

„Þetta eru sjálfsagt mestu strúkturbreytingar á fjármálaumhverfinu frá því að Ís-



MARKAÐSVAKTIN

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner



ostnaður nýrra reglna

vegna nýrra laga um verðbréfavíðskipti. Seinagangur ráðgjöf þurfa nú starfsleyfi sem þeir þurftu ekki áður.

lendingar gengu í EES," segir Ragnar Þ. Jónasson, ráðgjafi hjá PricewaterhouseCoopers. Hann segir ýmis tækifæri felast í nýjum reglum, ekki síst í því ljósi að nú gildi samræmdar reglur í allri Evrópu.

Í nýju MiFID-reglunum felst meðal annars að fjárfestingaráðgjafar þurfa nú starfsleyfi sem ekki þurfti áður. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu (FME) hafa um tuttugu fyrirtæki sinnt slíkri ráðgjöf. Fimmtán þeirra hafi þegar sótt um starfsleyfi og eru þau afgreidd með hraði til að koma í veg fyrir tafir í rekstri fyrirtækjanna, samkvæmt upplýsingum frá FME. Haft hafi verið samband við önnur fyrirtæki til að reka á eftir og fræðast um hvort þau hyggtist áfram ráðleggja um fjárfestingar.

SEINAGANGUR GAGNRÝNDUR

Þrjú ár eru síðan framkvæmdastjórn ESB ákvað að samræma regluverkið í verðbréfavíðskiptum, en áður höfðu ólíkar reglur gilt í einstökum löndum. Frumvarp byggt á tilskipun ESB var samþykkt á Alþingi í sumar en lög in tóku gildi um síðustu mánaðamót.

MIFID Í ÝMSUM TÖLUM

72.083 orð
102 blaðsíður
1.800.000 tilvísanir á Google
359.537 tilvísanir á vef ESB
5 ár sem skylt er að geyma gögn
2004/39/EC opinbert heiti
Heimild: Financial News

Ýmsir sem Markaðurinn ræddi við gagnrýna að reglugerðir sem byggja á frumvarpinu hafi ekki komið fram fyrir en við gildistöku laganna. Undirbúningur fyrirtækjanna hafi staðið mánuðum saman og það hafi verið til óhagræðis fyrir þau að fá ekki endanlega útgáfu þeirra fyrir en um mánaðamót.

Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, bendir á að efni reglugerðanna hafi í raun lengi legið fyrir og samráð hafi verið haft um málið við markaðsaðila. Aðeins hafi munað um orðalagsbreytingar í endanlegri útgáfu þeirra. „Þess utan," segir Jónína „þurfum við lögum samkvæmt ekki að gefa reglugerðir út fyrir en lög taka gildi.“

ingimar@markadurinn.is

HELSTU BREYTINGAR VIÐ GILDISTÖKU MIFID

Nýja regluverkið er yfirgripsmikið og nær til margra hluta af starfsemi fjármálafyrirtækjanna. Það felur meðal annars í sér breytingar á:


- Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Flokkun viðskiptavina
- Ráðgjöf fyrir mismunandi flokka viðskiptavina
- Almennra fjárfesta
- Fagfjárfesta
- Viðurkenndra gagnaðila
- Bestu framkvæmd
- Kröfur til viðskiptavina
- Upplýsingar um fjármálagæringa
- Varnir gegn hagsmunaaðrekstrum

Heimild: PwC



Neysluvörugeirinn stækkar með skráningu Duni

Við bjóðum Duni AB velkomið í Nordic Exchange. Duni er leiðandi í framleiðslu og sölu á fallegum og handhægum vörum til borðskreytinga. Duni vörumerkið er selt á yfir 40 mörkuðum og hefur markaðsleiðandi stöðu í mið- og norður Evrópu. Duni verður skráð í Nordic Exchange í Stokkhólmi þann 14. nóvember. Duni flokkast sem meðalstórt félag og tilheyrir neysluvörugeira.



omxgroup.com/nordicexchange



Íslendingar munu eyða sem aldrei fyrr

Jólin verða í það minnsta kaupmönnum gleðileg nái ný spá RSV fram að ganga. Samkvæmt henni mun enn eitt veltumetið falla um þessi jólin. Íslendingar áætla að eyða töluvert meira fé í jólagjafir en nágrannar þeirra á Norðurlöndunum. Þó er spáð metjólaverslun um öll Norðurlönd. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* gluggaði í spána.

Þess samdráttar sem tekið er að gæta á einhverjum sviðum þjóðfélagsins verður ekki vart í jólaverslun þessa árs. Þvert á móti virðist fátt geta komið í veg fyrir að veltumet falli um þessi jólin. Rannsóknarsetur verslunarinnar að Bifröst spáir því að smásöluverslun í nóvember og desember muni nema alls um 55,5 milljörðum króna í ár, án virðisauka-skatts, samanborið við 50,7 milljarða á sama tímabili fyrra. Með virðisauka-skatti má gera ráð fyrir að heildarvelta smásöluverslunar á hvert mannsbarn í landinu verði 206 þúsund krónur í nóvember og desember. Það er 45.400 krónum umfram meðaltal ársins. Aukningin samkvæmt þessu er 9,4 prósent frá síðasta ári á breytilegu verðlagi. Þegar tekið hefur verið tillit til verðbreytinga á árinu er gert ráð fyrir að veltuaukningin verði um 5,1 prósent.

„Maður skyldi ætla að fólk dragi úr neyslu með hækkandi vöxtum. En nú hafa til dæmis tvær risaleikfangaverslanir verið opnaðar með stuttu millibili. Fólk virðist vera tilbúið til að standa úti og bíða í tvo tíma áður en opnað er,“

segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar. „Þetta bendir ekki beinlínis til þess að fólk sé farið að halda

að sér höndum. Í spánni tókum við samt tillit til þess að vaxtahækkunir muni hafa áhrif, sem er alls óvíst að verði. Spáin hefði því getað verið hærri en upp á 9,4 prósentu aukningu.“

Auk vaxtahækkana virka lok verklegra framkvæmda, spár greiningaraðila og fjármálaráðuneytisins um minnkandi einkaneyslu, minnkandi veltuaukning í dagvöru og nokkrum öðrum tegunda verslunar á haustmánuðum og færri nýskráningar bíla til lækkunar spárinnar. Þessir þættir munu þó seint koma í veg fyrir veltumet. Nýjar og glæsilegar verslanir hvarvetna á stærstu þéttbýlisstöðum, stækkun helstu verslunarkjarna, aukid vöruúrval og fjölbreyttari þjónusta mun allt leiða til þess að pyngjur landsmanna munu opnast upp á gátt fyrir þessi jól. Þótt vísbendingar séu um að einkaneysla sé tekin að dragast saman jókst hún um fimm prósent frá fjórða ársfjórðungi 2006 til annars ársfjórðungs 2007. Þá var kreditkortavelta heimilanna átján prósentum meiri fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Allt stuðlar þetta að aukningu í jólaverslun.

ÍSLENDINGAR EYÐSLUKLÆR

Íslendingar virðast vera meiri eyðsluklær en nágrannar þeirra á hinum Norðurlöndunum. Þetta kemur glögglega í ljós í samanburði milli landanna en í þetta sinn var spá Rannsóknarsetursins unnin í samstarfi við hin Norðurlöndin. Var það sambærileg stofnun í Svíþjóð, Handels utredningsinstitut (HUI), sem hafði umsjón með að safna saman spám sérfræðinga frá öllum Norðurlöndunum um jólaverslunina í hverju landi.

Þegar allra Norðurlandanna virðast eiga það sameiginlegt um þessar mundir að vera bjartsýnir á efnahagsástandið, enda hefur töluverður uppgangur einkennt hagkerfi landanna á undanförunum árum. Þótt spár bendi til þess að draga taki úr þeim vexti er spáð rífandi gangi í jólaverslun þetta árið á öllum Norðurlöndunum. Spáð er vexti frá fimm prósentum til 9,4 prósentu. Íslendingar ætla sér að eyða mestu en Norðmenn fylgja þeim fast á hæla. Þannig er spáð að velta jólaverslunar á hvern íbúa verði nánast tvöfalt meiri hér á landi en í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Meðal-Daninn mun því eyða um



704 evrum, jafnvirði rúmra 62 þúsund króna, í desember. Á sama tímabili mun meðal-Íslendingurinn eyða 1.381 evru, eða rúmum 122 þúsund krónum. Meiri velta hér og í Norgei skýrist þó ekki bara af almennri bjartsýni og velmegun heldur einnig af töluvert herra verðlagi en í hinum löndunum.

GPS heitasta gjöfin

GPS-staðsetningartæki verður vinsælasta jólagjöfin þetta árið. Þessu spáir sérskipuð dómnefnd Rannsóknarseturs verslunarinnar. Byggir hún á sextíu tillögum sem flestar bárust frá nemendum Háskólans á Bifröst. Er þetta í þriðja sinn sem samtökin gefa út spá um jólagjöf ársins, samhliða spám um umfang jólavertíðarinnar.



Aukin ferðalög Íslendinga, innan og utan landsteinanna, skipar GPS-tækinu í efsta sætið. Í rökstuðningi dómnefndar segir að þótt svo að landakort og áttaviti séu enn í fullu gildi hafi landsmenn fært sér í nyt þá tækni sem sameinar kosti þessa tveggja þarfahluta. GPS-tæki verði sífellt auðveldari í notkun og notkunarmöguleikar fjölbreyttari. Þá nýtist tækin nú víðar en í óbyggðum og á öræfum. Þau sjáist æ oftar í mælaborðum bíla, á úlniðum langhlaupara og innbyggð í úrum, svo eitthvað sé nefnt. GPS-tækið hafi því slegið í gegn á hinum ýmsu sviðum. Seljendur tækjanna hafi ekki undan við að panta nýjar birgðir, slík sé eftirspurnin.

Við val á jólagjöf ársins hafði dómnefndin til hliðsjónar að varan sé vinsæl meðal neytenda, hún sé ný eða hafi vakið nýjan áhuga, hún seljist vel og falli að tíðarandanum. Dómnefndina skipuðu þau Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, Halla Helgadóttir, teiknistofustjóri Fiton, Óskar Björnsson, skrifstofustjóri SVP, Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóri Netspors ehf., og Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna. - hhs

Slagurinn er hafinn

„Slagurinn er hafinn á bókamarkaðinum,“ fullyrðir Elsa María Ólafsdóttir, verslunarstjóri bókaútgáfu Mál og menningar á Laugaveginum. Að undanförunu hafa flestar bókaútgáfu landsins boðið allt að þrjátíu prósentu afslátt af jólabókum ársins. Vanir og forsjalir bókaútgáfu vita að sá afsláttur varir ekki alveg fram að jólum og kaupa því sínar bækur í tíma.

„Ef veður verður gott hef ég trú á því að salan hjá okkur um þessi jólin verði meiri en nokkru sinni fyrr,“ segir Elsa. „Hún hefur raunar verið góð allt árið, enda hefur verið mikil gróska í bókaútgáfu. Á þessu ári komu tvö eða þrjú hundruð fleiri titlar út en í fyrra. Í heildina eru þeir hátt í sjö hundruð. Við eigum í mestu vandræðum með að koma þeim fyrir á sýnilegum stað hjá okkur.“

Elsa segir það ýta undir söluna að bókaútgáfu gefi nú bækur út í kiljum mun fyrr en áður var. Þetta hafi haft jákvæð áhrif á markaðinn, ekki síst á eigin lestur fólks. Fleiri næli sér í eina og eina bók fyrir sjálfa sig samhliða jólabókakaupunum. Þá þyki ekki lengur



ELSA MARÍA ÓLAFSDÓTTIR Verslunarstjóri Mál og menningar segir mikla gróska í bókaútgáfu. Jólabókafloðið verði því bókaútgáfu gjöfuga en nokkru sinni fyrr.

hallærislegt að gefa kilju í jólapakkann, eins og áður þótti.

Staða bókarinnar í jólagjafalóðinu er sterkari en nokkru sinni fyrr að mati Elsu. „Fólk á orðið allt og kaupir sér sjálf þá sem þá langar í. En sama hvað það á mikið af peningum er ekkert sem jafnast á við áhrif þess að setjast niður með góða bók í hönd. Bókin á því eftir að halda velli og jafnvel styrkjast sem besta jólagjöfin.“

Viðskiptin aldrei skemmtilegri

„Jólavertíðin er ekki farin af stað. Að minnsta kosti ekki í þessum bransa,“ segir Björn Árni Ágústsson, eigandi úra- og skartgripaverslananna Mebu og Rhodium í Kringlunni og Mebu-Rhodium í Smáralind. „Jólaverslunin hjá okkur fer ekki af stað fyrir alvöru fyrr en um mánaðamótin. Tíu dögum fyrir jól verður svo allt vitlaust. Þetta byrjar svo seint í okkar bransa.“

Þetta telur Björn skýrast af því að venjulega sé kaupendur skartgripa að versla gjafir fyrir sína nánustu. Þær gjafir séu yfirleitt ekki afgreiddar fyrstar. „Herramenn, níutíu prósent af þeim alla vega, kaupa bara eina gjöf. Það er gjöfin fyrir konuna. Hvenær gera þeir það? Á Þorláksmessu! Og margir þeirra koma til okkar.“

Mikil veltuaukning hefur einkennt árið í verslunum Björns. „Þetta er mitt besta ár frá því ég byrjaði í bransanum fyrir þrjátíu og fimm árum. Ég hef alltaf verið með aukningu á milli ára en aldrei eins hreina og nú. Þetta er með skemmtilegustu dögum í viðskiptum sem maður hefur upplifað.“

Björn óttast því engan samdrátt í



BJÖRN ÁRNI ÁGÚSTSSON SKARTGRIPASALI Jólavertíðin er ekki hafin að ráði í skartgripabransanum. Að sögn Björns mun hún þó breyta á með látum um mánaðamótin og slá öll met.

skartgripakaupum og á von á allt að fimmtán prósent meiri veltu í jólasölu en í fyrra. Ekki síst vegna þess að samhliða betra árferði í þjóðfélaginu hafi fólk meira á milli handanna og kaupi dýrari úr og skartgripa en áður. „Ég hef alltaf verið bjartsýnn maður. En ég byggi þá bjartsýni ekki á neinu kjaftæði. Það er frekar að ég dragi úr væntingunum en hitt.“



KRINGLUJÓL Búist er við að jólaværslun slái öll met í ár og nemi 55,5 milljörðum króna samanborið við 50,7 milljarða króna í fyrra.
MARKAÐURINN/VALLI



ÁNÆGB JÓLASTELPA Því miður verða ekki allir jafnkátir og þessi stelpa þegar þeir skoða innihald jólapakka sinna.
MARKAÐURINN/GVA

Alltaf halli á jólnunum

Allir tapa á því að gefa og þiggja jólagjafir. Þetta er inn-tak rúmlega tíu ára gamalla kenninga bandaríska hagfræðiprófessorsins Joel Wald-fogel. Ekki er úr vegi að rifja þær upp í aðdraganda jólnanna.

Rannsóknir Waldfogels benda til þess að í hvert sinn sem jólagjafir skipta um hendur tapist allt frá tíu prósentum og upp í þriðjungur af virði þeirra. Þiggjendur meti jólagjafir nefnilega nær aldrei eins mikils og gefendur eyddu í þær í raun.

Margir fræðimenn hafa gagnrýnt kenningar Joels. Þeir benda á að jólagjafir hafi tilfinningalegt gildi sem ekki sé hægt að leggja peningalegt mat á. Þótt að það sé vissulega rétt kannast flestir við að hafa fengið gjafir sem fara fljótt að safna ryki uppi í skáp. Fæstir gefendur höfðu væntanlega hugsað sér að gjöfin myndi enda þar.

Ein af grunnhugmyndum hagfræðinnar gengur út á að óheft val neytenda leiði til meira notagildis en val háð skilyrðum. Þetta er sama hugmynd og að þjóðfélagið verði fyrir allratapi við inneimtu skatta og tolla, þar sem neytendur fá ekki sjálfir að ráðstafa fé sínu. Þar sem þiggjendur jólagjafa velja yfirleitt ekki gjafirnar sjálfir gengur Waldfogel út frá að sama lögmál gildi um þær.

Hversu mikið tapast vegna jólagjafar fer eftir því hversu vel þeir sem skiptast á gjöfum þekkjast og því hversu vel þiggjandinn þekkir eigin langanir. Þeim sem helst hættir til að velja óvinsælar gjafir eru afar og ömmur, frænkur og frændur. Makar, vinir og börn virðast eiga betur með réttar ákvarðanir.

Eina leiðin til að koma í veg fyrir tapið er að gefa peninga í jólagjöf. Þeir sem eru vissir um að þekkja einhvern betur en hann þekkir sjálfan sig ættu þó að treysta á eigið val. Þeir eiga bestan möguleika á að þiggjandinn meti gjöfina meira en nemur raunverulegu virði hennar.

MISJAFNT Í HVAÐ ER EYTT

Nokkuð misjafnt virðist ætla að vera í hvaða vörur peningar fólks á Norðurlöndunum fara helst fyrir þessi jólin. Hér á landi er búist við mestum vexti á húsgagna- og byggingavörumarkaði í ljósi þess mikla vaxtar sem verið hefur á því sviði undanfarið. Þá er búist við miklum umsvifum í leikfangaværslun eins og fyrr segir. Eins og Íslendingar búast Svíar við blómlegri leikfangaværslun fyrir jólin. Finnar búast hins vegar við mestri veltuaukningu í rafmagnsvöruværslun, í Danmörku er talið að skóverslun eigi vinninginn og í Noregi munu íþróttavörurnar



eiga vinninginn, gangi spár eftir. Emil segir þó eitt helst skera á milli kauphegðunar Íslendinga og annarra Norðurlandabúa. Jólainnkaup á netinu hafi dregist saman meðal Íslendinga. Einungis fimm prósent þeirra áætli að kaupa jólagjafir á netinu á meðan talan er á bilinu fimmtán til tuttugu prósent á hinum Norðurlöndunum. Þá virðist bóksala eiga verulega í vök að verjast vegna þess að fólk kaupir í auknum mæli bækur á netinu. Þetta eigi hins vegar ekki við hér á landi.

EMIL B. KARLSSON Forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar.
MARKAÐURINN/RÓSA

11% eyða meira en 100.000 í jólagjafir

Þrátt fyrir að jólavertíðin sé hafin huga langflestir Íslendingar, eða um sextíu prósent, ekki að jólagjafakaupum fyrr en í desember. Vísbendingar eru um að jólaværslunin muni dreifast jafnar yfir desembermánuð en oft áður.

Þetta sýnir könnun Miðlunar ehf. sem unnin var fyrir Rannsóknasetur verslunarinnar 26. október til 5. nóvember síðastliðinn.

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að flestir ætla að eyða um 26 til 50 þúsund krónum í jólagjafir.


Rúmlega ellefu prósent þjóðarinnar telja sig þó þurfa að eyða meira en hundrað þúsund krónum í gjafirnar.

Þá vekur athygli að langflestir ætla að gera jólainnkaupin á Íslandi að öllu eða miklu leyti.


Verulega hefur dregið úr fjölda þeirra sem versla á netinu. Þeir voru um fjórtán prósent í fyrra en fimm prósent nú. Að sama skapi virðast um fimm prósent fleiri en í fyrra ætla að kaupa jólagjafir erlendis að hluta til.

KÖNNUN Á JÓLAINNKAUPUM ÍSLENDINGA


Hvenær byrjar þú á jólainnkaupum?



Hvað eyðir þú hárra upphæð að meðaltali í jólagjafir?



Hvar framkvæmir þú jólainnkaupin?



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Frumvarp um afnám lágmarksútsvars lagt fram á Alþingi:

Samkeppni um fólk

Björgvin Guðmundsson

Samkeppnin er ekki dýr og almennt til leiðinda eins og sumir stjórn-málameð hafa haldið fram. Í atvinnulífinu gerir samkeppnin þá kröfu til einstaklinga að þeir geri eilítið betur en aðrir. Verslunarmenn þurfa að bjóða lægra verð og betri þjónustu en samkeppnisaðilinn. Bankar keppast við að bjóða bestu vextina, veitingastaðir besta matinn, verk-takinn vandaðri pípulagnir og bókaútgefendur bestu bækurnar. Og allt verður að verðleggja í hófi eða í samræmi við gæðin. Flestir eru með-vitaðir um þetta. Daglega vegum við og metum kosti og galla mismun-andi leiða áður en við eigum í viðskiptum. Óþvingað.

En fyrirtæki keppa ekki bara um að bjóða góða vöru eða þjónustuna á góðu verði. Það þarf gott fólk til að halda blómlegum rekstri gangandi. Samkeppnin um starfsfólk hefur líklega bætt aðstöðu og kjör fólks meira en nokkurt verkafélög. Laun hafa hækkað og vinnuástanda batnað. Klárinn fer ekki lengur þangað sem hann er kvaldastur.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp þess efnis að fella niður ákvæði í lögum um lágmarksútsvar sveitarfélaga. Útsvar er hluti af skatt-greiðslum sem launþegar greiða af launum sínum. Ríkið tekur 22,75 prósent af launinum til sín. Sveitarfélögin taka að meðaltali tæp 13 prósent af launinum í sinn rekstur. Í nágild-andi lögum segir að sveitarfélög megi ekki lækka þennan tekjuskatt niður fyrir 11,24 prósent. Af hverju mega sveitarfélögin ekki keppa um fólk með því að bjóða því að halda eftir stærri hluta af launinum?

Þegar lög um tekjustofna sveitarfélaga voru sett árið 1993 var ákvæði um lágmarksútsvar tekið upp. Leiddi það til verulegrar hækkunar á útsvari nokkurra sveitarfélaga þar sem útsvarsprósentan hafði verið lægri. Sum sveitarfélög eru núna í aðstöðu til að lækka útsvar sitt þó nokkuð. Þau eiga að fá svigrúm til þess. Það væri hvati fyrir önnur sveitarfélög að fara sömu leið. Jafnvel gæti eitthvert sveitarfélag-ið skapað sér þá sérstöðu að lækka skatta á tekjur verulega og fjármagna lögbundin verkefni sín með öðrum tekjum. Samtryg-ging sveitarstjórnarmanna um lágmarksútsvar kemur í veg fyrir þetta.

Upphæðir sem um ræðir geta skipt fjölskyldur verulegu máli á árs-grundvelli. Tökum dæmi af hjónum sem vinna bæði á skrifstofu. Sam-kvæmt könnun VR eru meðallaun þeirra um 263 þúsund á mánuði. Mis-munur á milli hæsta og lægsta útsvarshlutfalls, sem sveitarfélögum er heimilt að innheimta í dag, er árlega um 56.500 krónur fyrir hvort þeirra. Það eru um 113 þúsund krónur á ári. Sé sveitarfélögum gert kleift að lækka útsvarshlutfallið enn meira hækka þessi upphæð frekar.

Líklegast væri að vel rekin sveitarfélög gætu minnkað skattheimtu á einstaklingana. Um leið væri þetta aðferð til að veita sveitarfélögum aðhald í útgjöldum. Fólk vill ekki greiða háa skatta að öþörfu. Hafnar-fjörður, Kópavogur og Reykjavík leggja hæstu mögulegu útsvars-prósentu, 13,03 prósent, á íbúa sína. Seltjarnarnes, Garðabær og Mosfellsbær minna.

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, er fyrsti flutningsmaður frumvarps um afnám lágmarksútsvars sveitarfélaga. „Með því að taka frá sveitarfélögum ráðrúm til þess að haga skattheimtu sinni eftir aðstæðum er um leið dregið úr tækifæri þeirra til að bjóða íbúum upp á sem hagstæðust búsetuskilyrði,“ sagði hún við flutning málsins á Alþingi.

Leyfum sveitarfélögum eins og fyrirtækjum að keppa um fólk. Fólksins vegna.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olivr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



Veislusetrið
Nú er tíminn til að panta
jólahlaðborðið
Glesileg salakynni

Matreiðslumeistari
Carl J. Johansen

Veislusetrið www.veislusetrid.is símar: 517-0102
Borgartún 6 carl@veislusetrid.is 699-1653

Hlutverk peningastefnunnar

ORD Í BELG

Þórarinn G. Pétursson
starfsmaður
Seðlabanka Íslands
og dósent
við Háskólann í
Reykjavík.



verulegur. Sá tímabundni kostnaður er þó lítill miðað við hið varanlega tap sem fylgir viðvarandi verðbólgu og því er mikilvægt að missa ekki sjónar á langtímaávinningi þess að ná tökum á verðbólgunni. Baráttan verður hins vegar því kostnaðarminni sem trúverðugleiki peningastefnunnar er meiri. Meiri trúverðugleiki auðveldar seðlabankanum að hafa áhrif á væntingar og þar með að draga úr sveiflum í verðbólgu og almennt eftirspurn. Vel heppnuð peningastefna sem veitir verðbólguvæntingum trúverðuga kjölfestu er því í raun forsenda þess að hægt sé að ná árangri í að jafna sveiflur í atvinnustigi og hagvexti.

VERÐSTÖÐUGLEIKI SEM MEGIN-MARKMIÐ PENINGASTEFNUNNAR
Trúverðugleiki peningastefnunnar er talinn best tryggður með því að gefa seðlabankanum skýr fyrirmæli um að verðstöðugleiki sé algert forgangsverkefni hennar. Þetta þýðir ekki að önnur markmið almennrar hagstjórnar, t.d. um atvinnu, hagvöxt og jöfnuð, skipti ekki máli. Áhersla á verðstöðugleika sem meginmarkmið peningastefnunnar endurspeglar einfaldlega mikilvægi þess að halda verðbólgu í skefjum og þá staðreynd að peningastefnan hafi eingöngu langtímaáhrif á verðbólgu en ekki á atvinnustigi eða hagvöxt.

Rannsóknir síðustu ára benda einnig ótvírátt til þess að trúverðugleiki peningastefnunnar sé best tryggður með því að hann fylgi kerfisbundinni og fyrirsjáanlegri stefnu. Með því er dregið úr líkum á vanhagsuð-um tilraunum hans til að auka atvinnu tímabundið sem hefði í för með sér vaxandi verðbólgu síðar meir. Skýr og ótvírátt löggjöf um hlutverk seðlabankans, sem gerir verðstöðugleika að meginviðfangsefni peningastefnunnar, og lagalegt sjálfstæði hans til að framfylgja þessum lögum án ihlutunar annarra stjórnvalda draga einnig úr líkum á tilviljanakenndri framkvæmd. Löggjöf sem þessi eykur því trúverðugleika stefnunnar og bætir árangur hennar. Því er engin tilviljun að þróun síðustu áratuga hefur öll verið í þessa átt og í dag er verðstöðugleiki skilgreindur sem meginmarkmið peningastefnu flestra landa í heiminum, auk þess sem formlegt sjálfstæði seðlabanka til að ná þessu markmiði hefur verið aukið verulega. Lögin um Seðlabanka Íslands eru því efnislega sambærileg löggjöf Englandsbanka, evrópska seðlabankans, norska seðlabankans, svissneska seðlabankans og sænska seðlabankans svo að fáein dæmi séu nefnd. Löggjöf bandaríska seðlabankans er hins vegar eldri og kveður svo á að hann eigi að stuðla að verðstöðugleika og hámarksatvinnu.

Á síðustu tveimur áratugum hafa orð og gerðir bankans hins vegar ótvírátt skorið úr um að verðstöðug-

leikamarkmiðið hafi algeran forgang komi upp tilvik þar sem markmiðin stangast á.

EITT STJÓRNTÆKI – EITT MARKMIÐ
Seðlabanki Íslands hefur m.a. verið gagnrýndur fyrir að beita ekki stjórnáhrifum sínum til að jafna sveiflur í gengi krónunnar. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að seðlabankar ráða aðeins yfir einu stjórnáhrif, þ.e. stýrivöxtum sínum. Önnur stjórnáhrif, eins og inngríp á gjaldeyrismarkaði og bindiskylda, hafa sams konar hagræn áhrif og stýrivextir og eru því í raun ekki sjálfstæð stjórnáhrif. Þannig myndi hækkun bindiskyldu t.d. draga laust fé úr umferð og ýta upp markaðsvöxtum með svipuðum hætti og bein hækkun stýrivaxta gerir. Ástæða þess að seðlabankar velja stýrivexti sem stjórnáhrif fremur en inngríp og bindiskylda er að á nútímafjármálamörkuðum eru þeir mun gagnsærri og skilvirkari leið til að hafa áhrif á aðra markaðsvexti.

Í ljósi þess að seðlabankar hafa eingöngu yfir einu stjórnáhrif að ráða geta þeir einungis unnið að einu langtíamarkmiði. Umfjöllunin hér að framan ætti að hafa varpað ljósi á hvers vegna markmiðið á að vera verðstöðugleiki. Tilraunir til að ná öðrum markmiðum verða óhjákvæmilega á kostnað meginmarkmiðsins. Raungengissveiflur gegna t.d. mikilvægu hagsveiflujafnandi hlutverki ásamt því að vera mikilvægur farvegur peningastefnunnar. Raungengi hefur tilhneigingu til að hækka á þensluskeiðum sem að öðru óbreyttu veikir samkeppnisstöðu útflutningsatvinnugreina og dregur þannig úr innlendum tekjum og atvinnu og þar með úr framleiðsluspennu og að lokum úr verðbólguþrýstingi. Sé peningastefnunni beint gegn þessu leiðir það á endanum aðeins til aukinna sveiflna í öðrum hagstærðum eins og vöxtum, atvinnu, hagvexti og verðbólgu.

LOKAORD

Mikilvægasta viðfangsefni peningastefnunnar er að stuðla að verðstöðugleika og er það í raun meginframlag hennar til almennrar velferðar á Íslandi. Stefnan verður því árangursríkari sem markmið hennar eru skýrari og hinn lagalegi rammi hennar stýður betur við meginmarkmiðið. Með því er trúverðugleiki peningastefnunnar betur tryggður en hann skiptir sköpum í hvernig til tekst og hversu kostnaðarsamt er að ná verðbólgu niður í markmið þegar hún hefur vikið verulega frá því. Trúverðug peningastefna er lykilforsenda þess að skapa verðbólguvæntingum trausta kjölfestu og þess að hægt sé að draga úr hagsveiflum á Íslandi. Hún er einnig til þess fallinn að draga úr óæskilegum áhrifum gengissveiflna á innlent efnahagslíf. Allar hugmyndir um að fjölga markmiðum peningastefnunnar eða takmarka sjálfstæði Seðlabankans eru líklegar til þess að grafa undan þessum trúverðugleika sem mun skaða hana og íslenskt efnahagslíf til langframa.

Höfundur er staðgengill aðalhaf-fræðings og forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands og dósent við Háskólann í Reykjavík.

Greinin er stýtt útgáfa af samnefndri grein sem nýverið birtist í riti Seðlabanka Íslands, Peningamálum 2007/3, bls. 71-75.

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Árnannsson, Sindri Sindrasón AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSLÍMI: 512 5000 SÍMBREYF: 512 5301 NETFONG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum ák endurgjalds.

ORKU OG UMHVERFISMÁL

Ekki alltaf eins og olía og vatn

Hugtakið Public-Private partnership (P3 eða PPP) sem því miður er ekki til góð íslensk þýðing á er vel þekkt. Hugtakið nær yfir þjónustu opinberra aðila eða fyrirtækis sem er sameiginlega rekið af ríki, sveitarfélagi og einu eða fleiru fyrirtæki í einkaeigu. Hugtakið getur því náð yfir mjög víðtækt form samvinnu.

Samstarf af þessu tagi hefur mikið verið notað við byggingu og rekstur samgöngumannvirkja og nú síðustu ár í vaxandi mæli í orku- og umhverfismálum, heilsugæslu og rekstri menntastofnana. Bandaríkjamenn, Bretar, Frakkar og Kanadamenn

hafa hvað mesta reynslu af samstarfi af þessu tagi. Samstarf sem þetta er vandmeðfarið þar sem skilgreina þarf vel hagsmuni og markmið samningsaðila.

Víða hefur tekist vel til og nefna má innlend dæmi sem hafa skilað framúrskarandi árangri. Í því sambandi nægir að nefna Hjallastefnu Margrétar Pálu og rekstur Sóltúns undir stjórn Önnu Birnu Jensdóttur.

EVRÓPUSAMBANDIÐ

Síðustu 15 ár hefur orðið mjög mikil vöxtur í samstarfi af þessu tagi innan sambandsins og ekki síst í orku- og umhverfismálum. Evrópusambandið telur mjög mikilvægt að styðja við þessa

þróun og setja löggjöf sem skilgreinir hvernig samvinnu opinberra og einkaaðila skuli háttað. Í því skyni mun á næstu árum fara fram yfirgripsmikil umræða innan sambandsins um skilgreiningu á almannaþjónustu og hlutverki opinberra aðila í því sambandi. Orkumál munu verða ofarlega á baugi í þeirri umræðu og fróðlegt verður að fylgjast með hvernig þau mál þróast og hvort afrakstur þeirrar vinnu muni skila sér inn í EES-samstarfið.

VATN OG RAFMAGN

Stærstu orkufyrirtæki í heiminum í dag eru mörg í ríkiseigu eða sameign ríkis og einkaaðila.

Víða um heim hefur samvinna opinberra og einkaaðila færst í vöxt með það að markmiði að finna lausnir á sívaxandi orku- og vatnsþörf jarðarbúa. Það að tryggja jarðarbúum hreint vatn og rafmagn framleitt með sjálfbærum hætti mun verða eitt helsta viðfangsefni stjórnmalanna næstu áratugi.

Skattfé ríkisstjórna og sveitarfélaga mun ekki nægja til að koma til móts við vaxandi þarfir jarðarbúa á þessu sviði vegna aukinnar neyslu og örrar mannfjöldapróunar. Opinberi geirinn mun því óhjákvæmilega þurfa á einkageiranum að halda við úrlausn verkefna á þessu sviði.

Við munum því sjá aukið sam-

starf opinberra aðila og einkafyrirtækja á orkumarkaði á komandi árum þar sem markmiðið verður að koma til móts við vaxandi orkuþörf. Að horfa fram hjá þeim möguleikum sem felast í samstarfi opinberra aðila og einkafyrirtækja er ekki skynsamlegt. Þetta samstarf er í sífelldri þróun og mun halda áfram að þróast á komandi árum.

Kristján Vigfússon
aðjúnkt við

Háskólan í

Reykjavík og
kennir þar meðal
annars orku- og
umhverfismál.



SPÁKAUPMAÐURINN

Rúsínutær

Ég er ekki einn um að taka eftir niðursveiflu á mörkuðum upp á síðkastið. Reyndar má líkja herlegheitunum við rússíbanareid, stórskemmtilegan tívolítúr í gömlu Köpenhávn. Mörgum verður bumbult á niðurleiðinni og vilja helst tínast af vagninum eins og tíu litlir drengir, dökkir á brún og brá.

En svona er nú lífið í heimi viðskiptanna. Við sem höfum gaman af þessum taugatitringi í liðinu á gólfinu í Borgartúninu í síðustu viku skiljum ástandið og veikindin sem sumir fá upp úr svona hasar. Þetta er einfaldlega ekki fyrir hjartveikar sálir.

Ég frétti af einum um helgina sem sat í mestu makindum í Leisíbojstólum með viskíglas í hönd með fætur í heitum bala til að mýkja upp líkþornið þegar skellurinn reið yfir af krafti í síðustu viku. Þegar tölurnar tikkuðu niðurávið á CNBC spratt svitinn fram og tappinn fór aldrei ekki í flöskuna. Kappinn gleymdi auðvitað stað og stund enda sá hann eignasafnið sem hafði skilað 150 prósentu væntum hagnaði gufa upp á örskotsstundu og mesta hætta á að heimilið færi undir hamarnum. Jólin voru ónýtt og óvíst hvað konan ætlaði sér. Hann sá fyrir sér börnin kveðja. Karlanginn tók ekki við sér fyrr en flaskan var tóm og baðvatnið fyrir löngu nóturkalt. Upp úr þessu fékk hann auðvitað slæman höfuðverk, kvef og ægilegustu rúsínutær. Þau hjónin eru víst enn gift en óvíst hvar hann eyðir jólnum.

Kapp er best með forsjá, segi ég nú bara og skila kveðju til vina í Borgartúninu héðan frá Costa del Sol.

Spákaupmaðurinn á horninu

Kröfufjármögnun á netinu - einföld og skilvirk lausn

Viðskiptakröfur eru stærsta eign margra fyrirtækja. Með Kröfufjármögnun Landsbankans gefst fyrirtækjum kostur á lántöku gegn veði í viðskiptakröfum með einfaldari hætti en áður.

Ávinningurinn er margþættur. Auðveldara er að fjármagna vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í hlutfalli við aukna sölu. Með bættu fjárstreymi er m.a. hægt að greiða birgjum fyrr og ná fram hagstæðari innkaupum.

Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða Þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191

www.landsbanki.is

 Landsbankinn

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga

Mjólkurverð hækkar vegna verðhækkana á aðföngum

Um áramót er búist við að mjólk hækki í verði eftir verðhækkun á fóðurbæti og áburði. Heildsöluverðstöðvun hefur verið í gildi í tvö ár. Stýrivextir bíta bændur.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Hækkunarþörf heildsöluverðs mjólkur skýrist á allra næstu dögum þegar í ljós kemur hversu mikið áburður hækkar, segir Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda. Hann segir mjólkina kunna að hækka um 15 til 20 prósent í heildsölu um áramót.

Ákvörðun um hækkun tekur verðlagsnefnd búvara, svokölluð sexmannanefnd. Í fyrrahaust var liður af aðgerðum ríkisins til að stuðla að lágu matarverði hér að festa heildsöluverð mjólkur, sem þá hafði ekki hækkað í heilt ár á undan.

„Við tókum á okkur verðstöðvun og hún gildir til næstu áramóta. Hins vegar er alveg



BALDUR HELGI BENJAMÍNSSON Baldur Helgi, sem er framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir aðföng dýrari í mjólkurframleiðslu hér vegna framleiðsluaukningar og verðhækkana í útlöndum.

ljóst að við getum ekki tekið á okkur óbreytt verð í lengri tíma en það, því verð á aðföngum er að rjúka upp úr öllu valdi,“ segir Baldur Helgi og vísar meðal annars til þess að verð á kjarnfóðri hafi hækkað um tugi prósent. „Áburðarverð skýrist svo á allra næstu dögum, en það verður líklega mjög svipað.“ Baldur segir verð á mjólkurvörum hafa hækkað á heimsmarkaði, fyrst og fremst verð á vörum þar sem mjólk er hráefni. Um leið hefur framleiðsla aukist erlendis og það hafi áhrif á verð aðfanga til framleiðslunnar. „Við hækkuðum ekki mjólkurverð hér bara af því það hefur hækkað annars staðar heldur vegna þess að tilkostnaður hefur aukist.“

Auk þess sem kostnaður við mjólkurframleiðslu sé að aukast segir Baldur Helgi stýrivexti hér farna að bíta bændur líkt og aðra. „Mjólkurframleiðsla er orðin mjög fjármagnsfrekur rekstur. Við skuldum einhverja 25 milljarða. Hvert prósentustig í vöxtum samsvarar tveimur krónum á lítrann. Okkur skiptir því ekki litlu máli að Seðlabankinn fari að slaka á klónni, hvenær í ósköpunum sem það nú gerist.“

Aukin skuldsetning í bændastétt segir Baldur Helgi að stórum hluta til komna vegna mikillar uppbyggingar og endurnýjunar sem bændur hafi ráðist í við mjólkurframleiðsluna síðustu ár. Hann segir hins vegar erfitt



Í MJÓLKURSAMSÖLUNNI Heildsöluverð á mjólk hefur verið óbreytt í nokkurn tíma sem liður í opinberum aðgerðum til að lækka hér matvælavæð. Um áramót er útlit fyrir að þar verði breyting á.

MARKAÐURINN/PIJETUR

að setja tölu á hækkunarþörf mjólkur í heildsölu fyrir en allir kostnaðarþættir liggja fyrir. „Áburðurinn er nokkuð stór þáttur í þessu. Þökkalegt bú kaupir áburð fyrir milljón og ef hann hækkar um 20 prósent er þar strax komin króna á lítra. Hins vegar eru komnar sögur á kreik um að hækkunin verði veruleg. Og gangi það eftir erum við að tala um 10, 15 til 20 prósent.“ Áburðarverð segir Baldur detta inn í mánuðinum, því alla jafna sé í boði afsláttur frá listaverði festi bændur pantanir fyrir fyrsta desember. „Síðan smáminnkur afslátturinn um hver mánaðamót fram í maí þegar afslátturinn er enginn og kominn sá tími að menn þurfi að nota áburðinn.“



Á ATHAFNASVÆÐI ATLANTSSKIPA Atlantsskip keppa við Eimskip og Samskip um fraktflutninga til og frá landinu.

Leita að nýjum stjóra

Guðmundur Kjærnested, annar eigenda Atlantsskipa, stýrir nú félaginu um stundarsakir. Gunnar Backmann hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Atlantsskipa eftir um þriggja ára starf og ráðið sig annars staðar.

„Við leitum að nýjum framkvæmdastjóra, en þetta er langt frá því að vera höfuðlaus her,“ segir Guðmundur og vísar til þess að hann þekki vel til allra verka, enda hafi hann stofnað fyrirtækið og starfað þar frá upphafi.

Atlantsskip hófu rekstur árið 1998 þegar samið var við flutningadeild Bandaríkjahers um flutninga hingað. Síðan hefur félagið líka hafið siglingar til Evrópu og flugsendingar.



Nýr forstjóri fer fyrir útrás Símans

Sævar Freyr Þráinsson, nýr forstjóri Símans, segir spennandi tíma fram undan hjá félaginu. Hann nefnir meðal annars stórukið samstarf við hugbúnaðarísann Microsoft og áætlanir um að ná leiðandi markaðsstöðu í Bretlandi og á Norðurlöndunum.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir skrifar

„Við erum markvisst að þróa Símann í þá átt að verða alhliða fjarskipta- og upplýsingafyrirtæki, svokallað ICT-fyrirtæki (information, communication, technology).“ Þetta segir Sævar Freyr Þráinsson, sem nýverið tók við starfi forstjóra Símans. Hann segir fyrirtækið standa vel að vígi til að ná fram þessum markmiðum. „Við höfum sérstaklega einbeitt okkur að fyrirtækjum með 250 starfsmenn eða færri á Íslandi, í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Þetta eru fyrirtæki að íslensku stærð eins og hafa verið okkar sérstaða um árabíl. Við erum því hagvön í þessum geira. Stærri fjarskiptafyrirtækin á þessum svæðum hafa ekki einbeitt sér sérstaklega að þessum fyrirtækjum. Við sjáum þarna greinileg tækifæri sem ætlunin er að grípa.“

Útrásaráherslurnar í Bretlandi og á Norðurlöndunum eru keyrðar undir formerkjum Símans með stuðningi Skipta, móðurfélagsi Símans. Skipti eru formlegur eigandi þeirra fyrirtækja sem keypt hafa verið undir útrásarstefnu Símans. „Skipti er fjárfestingararmurinn sem við vinnum með til að ná fram stefnu Símans,“ útskýrir Sævar. Meðal þeirra fyrirtækja sem keypt hafa verið nýlega eru breska fyrirtækið Aerofone, tvö fyrirtæki í Danmörku, Ventelo og Business Phone. Sævar situr í stjórn þeirra allra fyrir hönd Skipta. Hér heima eiga Skipti fyrirtækin Mílu, Já,

Skjáinn, Sensa, meirihluta í Trackwell auk smærri hluta ýmissa íslenskra fyrirtækja. Skipti hafa að sögn Sævars breiðari fókusi en Síminn. Þau muni í framtíðinni hugsanlega fara út í fjárfestingar á sviðum sem Síminn tengist ekki á beinan hátt.

Ýmis tækifæri munu vera fólgin í að samtvinna þjónustuframboð Símans og systurfélaga hans. Skref í þá átt var tekið í síðustu viku þegar sett var í gang þjónusta fyrir fyrirtæki um kaup á hýsingarlausnum frá Microsoft. Í því felst að sögn Sævars mikil hagræðing fyrir fyrirtæki. Þau þurfi ekki lengur að fjárfesta í búnaði sem meðhöndlar tölvupóst starfsmanna í tölvum þeirra eða snjallsímum, svo sem BlackBerry. Í staðinn geta þau leigt pláss í gagnahýsingu hjá Símanum. „Það sérstaka í þessu var að við settum þessar lausnir af stað á Íslandi og í Bretlandi á sama deginum. Sama þjónusta verður sett á fót í Danmörku fljótlega. Við erum því þegar farin að breikka þjónustuframboð systurfélaganna sem hingað til hafa eingöngu veitt farsímaþjónustu í Danmörku og Bretlandi. Ætlunin er að færa þau frekar inn í upplýsingatæknina.“ Síminn á í alhliða viðræðum við Microsoft um frekara samstarf. „Þetta er bara fyrsta skrefið í auknu samstarfi okkar við Microsoft,“ segir Sævar. Hann er þó ekki tilbúinn til að gefa upp í hverju það samstarf muni felast. Þess má þó geta að Microsoft er eitt þeirra risafyrirtækja sem orðuð hafa verið við uppbyggingu netþjónabús hér á landi.



SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON, NÝR FORSTJÓRI SÍMANS Meðal þess sem fram undan er hjá Símanum er stórukið samstarf við hugbúnaðarísann Microsoft. Fyrsta skrefið var tekið í síðustu viku þegar fyrirtækjum bauðst að leigja gagnahýsingu hjá Símanum með lausnum frá Microsoft.

Sævar tók við stöðu forstjóra Símans af Brynjólfi Bjarnasyni sem nú starfar sem forstjóri Skipta en var um skeið forstjóri beggja félaga. Forstjórnir vinna náið saman að uppbyggingu félaganna. Þeir sem ekki þekkja sérstaklega vel til innra skipulags Símans kannast ef til vill ekki við nafn Sævars Freys. Þeir eru þó sennilega fáir innan fyrirtækisins sem þekkja hann ekki. Hann er enda enginn nýgræðingur hjá Símanum. Þar hefur hann verið

við störf í tólf ár á því sem næst öllum sviðum félagsins. Hann hóf starfsferil sinn í solumálum og vann sig þaðan upp í starf markaðsstjóra. Hann hefur starfað á sviði lausnaþróunar og gagnaflutninga og tók meðal annars þátt í uppbyggingu á gagnvirku sjónvarpi Símans. Síðar gegndi hann starfi framkvæmdastjóra farsímasviðs og þá framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Símans, áður en kom að forstjórastólnum.

FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

FJÁRMÖGNUN

ERLEND VIÐSKIPTI

ÁVÖXTUN

FYRIRTÆKJABANKINN

INNHEIMTUÞJÓNUSTA

GREIÐSLUKORT

Er þitt fyrirtæki að fá það besta sem við höfum að bjóða?

Persónuleg og vönduð þjónusta, sérsniðin að þörfum hvers og eins er það besta sem við höfum að bjóða. Með lipru skipulagi og stuttum boðleiðum bjóðum við þér skýrar og einfaldar þjónustuleiðir og þú velur það sem þér hentar hverju sinni. Kynntu þér málið – við leitum lausna.



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

DAÐUR Í LÍFI ...

Dórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar

Pórður Friðjónsson er forstjóri Kauphallarinnar, sem um síðustu áramót varð hluti af kauphallarsamstæðunni OMX, sem rekur kauphallir víða á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjum.

6.51 Vekjaralukkan hringir eins og venjulega. Fer í sturtu, fæ mér Cheerios og les blöðin.

7.45 Mæti upp í Kauphöll, nokkru fyrr en venjulega. Leit á tölvupóst til að kanna hvort eitthvað sérstakt væri í gangi. Skoðaði vefsíðu viðskiptatímaritsins Financial Times og fjármálasíður Yahoo.com til að glöggva mig á stöðunni eins og ég geri alltaf. Ef eitthvað sérstakt er að gerast kanna ég það nánar.

8.15 Fór á ráðstefnu viðskipta- og hagfræðinga um evruna en þar flutti ég erindi.

10.30 Fundur með framkvæmdastjórum í Kauphöllinni.

12.00 Fundur með viðskiptavini Kauphallarinnar.

13.30-15.00 Innanhússverkefni, símtöl og ýmis tölvuskeyti.

15.00 Símafundur með Erik Thedéen, yfirmanni skuldabréfamarkaða hjá OMX. Við ræddum um skipulagsbreytingar sem eru í undirbúningi og lúta að því að efla skuldabréfamarkað OMX.

16.00 Símafundur með Jukka Ruuska, forstjóra OMX-kauphallanna.

16.30 Nokkur minni mál sem þurfti að sinna.

17.00 Blak og gufa með Menningarfélagi Háskóla Íslands eins og alltaf á föstudögum á þessum tíma. Það er gott að ljúka vikunni með spjalli við vini og fyrrum samstarfsmenn úr Háskólanum.

19.30-20.00 Kvöldmat. Eftir það slaka ég á enda vinn ég aldrei á föstudagskvöldum. Oft geri ég það á virkum dögum, sérstaklega ef ég vinn að kynningum fyrir næsta dag.



ANNASAMUR DAÐUR Í KAUPHÖLLINI Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, fer í blak og gufu eftir vinnudag á föstudögum og slakar á um kvöldið.
MARKAÐURINN/GVA

Réttur fatnaður
-styrkir ímynd fyrirtækisins

Heildarlausn í einkennis- og vinnufatnaði

HEXA
föt fyrir alla

Hexa ehf | Smiðjuvegi 10 | 200 Kópavogur | sími: 414 8400 | e-mail: hexa@hexa.is



RÉTTIRNIR TÖFRADIR FRAM Í SJÁVARKJALLARANUM Sigurður Ívar Sigurðsson, yfirkokkur á Sjóvarkjallaranum, segir gesti staðarins leita eftir góðum mat og þjónustu. Staðurinn fékk tvöfalt fleiri stig en næsti veitingastaður í könnun Markaðarins.
MARKAÐURINN/VÖLUNDUR

Stjórnendur snæða í Sjóvarkjallaranum

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Fólk leitar að góðum mat og góðri þjónustu. Við bjóðum upp á báða þessa þætti og höfum fengið hrós fyrir,“ segir Sigurður Ívar Sigurðsson, yfirkokkur á Sjóvarkjallaranum, sem bar sigur úr þýtum sem besti veitingastaður landsins í óformlegri könnun Markaðarins.

Sjóvarkjallarin er eins og nafnið gefur til kynna í kjallara, einum elsta sinnar gerðar í Reykjavík, í Geysishúsinu gamla í miðborginni, og geta um áttatíu manns setið þar til borðs í einu. „Það er yfirleitt fullpantað hérna alla föstudaga og laugardaga og mjög mikið að gera,“ segir Sigurður og bætir við að oft og tíðum sé verulega annasamt á virkum dögum. „Þetta er ágætt miðað við að staðurinn hefur aldrei verið auglýstur mikið,“ segir Sigurður.

Sjávarréttir eru, líkt og nafn veitingastaðarins gefur til kynna, í aðalhlutverki en kjötréttir í aukahlutverki. Fiskmetið er oftast íslenskt en sömuleiðis frá framandi stöðum víða um heim. Þar á meðal er barri, hámeri, sem er hákarlagtegund og finnst við Íslandsstrendur, ferskur túnfiskur og afbrigði hans úr Suðurlöndum.

Vinsælasti rétturinn er að sögn Sigurðar Exotic-matseðillinn svokallaði en þar fá gestir ýmsa rétti af matseðlinum á borðið. Réttirnir eru settir á mitt



ÁSBJÖRN GÍSLASON „Sjóvarkjallarin er staðurinn til að fara á með erlenda gesti. Hann verður mjög oft fyrir valinu hjá mér enda kemur hann gestunum alltaf á óvart og ég er mjög ánægður þar,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, sem hefur snætt þar oftar en hann hefur tölu á. „Svo eru þjónarnir ótrúlegir en þeir geta talið upp hvað er í öllum réttunum. Það er algjör snilld.“

borðið og tína gestir staðarins þá á disk sinn. Það skapar oft miklar umræður um matinn, að sögn Sigurðar. Verð á forrétti hleypur á tveimur til þremur þúsundum króna en aðalrétti á fimm eða sex þúsund krónur. Exotic-matseðillinn er dýrastur, 7.900 krónur. Inni í honum eru forréttir, aðalréttir og eftirréttir. „Það er sniðugur réttur fyrir litla hópa til að búa til góða stemningu,“ segir yfirkokkurinn.

Þátttakendur í könnuninni voru 40 forstjórar, framkvæmdastjórar og nokkrir af æðstu stjórnendum íslenskra fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Helmingur þeirra svaraði. Þátttakendur skrifuðu niður nöfn á þremur veitingastöðum að eigin vali og fékk sá sem fyrstur var valinn þrjú stig, sá næsti tvö stig og sá þriðji eitt stig. Sjóvarkjallarin fékk samtals 24 stig, sem var nær helmingi meira en næsti veitingastaður á eftir fékk. Í öðru sæti var veitingastaðurinn Vox á Hilton Hotel Nordica, sem fékk 14 stig, og Grillið á Hótel Sögu, sem fékk 12 stig. Samtals tuttugu veitingastaðir komust á blað í heildina, þar af tveir á landsbyggðinni. Þá rötudu tveir skyndi-bitastaðir óvænt inn á listann yfir bestu veitingastaði landsins: Bæjarins bestu og Hamborgarabúllan, sem fékk þá umfjöllun hjá einum þátttakanda að þangað væri gott að fara í peppu með millistjórnendur eftir vel unna viku.

FIMM BESTU STAÐIRNIR

1. Sjóvarkjallarin
2. Vox
3. Grillið
4. La Primavera
5. Þrír Frakkar / Við Tjörnina

FRÍSTUNDIN

Friður í þokunni

Á sumrin vill Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri olíu hjá N1, hvergi annars staðar vera en úti í náttúrunni. Eftir að löngum vinnudegi lýkur, þar sem mikið hefur verið þælt og bensínverðið reiknað, vill hann helst komast út undir bert loft. „Ég finn mikinn frið úti í náttúrunni og nýt landslagsins,“ segir Magnús.

Magnús fer út úr bænum við hvert tækifæri yfir sumartímann, en annað áhugamál hans er kirkjustarf, enda sat hann um árabil í sóknarnefnd Grafarsóknar og kemur oft að starfi þar.

Magnús hefur farið um allt land. „Já, ég hef farið um landið þvert og endilangt,“ segir Magnús, „oftast með fjölskyldu og vinum, en stundum einn í nágrenni Reykjavíkur. Það er allur gangur á þessu.“

Magnúsi þykir vænna um einn stað umfram alla aðra. „Það eru Mývatnssveitin og Mývatnsöræfin. Þau heilla mig mest



MAGNÚS ÁSGEIRSSON



ÖRÆFIN MEÐ AUGUM MAGNÚSAR

af öllu. Skiptir ekki máli hvort ég er niðri í Mývatnssveit, fari að Dettifossi, í Ásbyrgi eða alveg austur að Hólsfjöllum, líklega hefur sagan Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson haft þar mikil áhrif,“ segir Magnús. Og hann segir að veðrið skipti sig ekki öllu máli. „Ég nýt þess að vera úti, hvort sem það er í sól og björtu eða í öðrum veðrum. Mér líður líka vel í þokunni,“ segir Magnús Ásgeirsson. - ikh

gPóstur vistvænn kostur fyrir magnpóstsendingar

Gutenberg býður viðskiptavinum sínum upp á **gPóst** – hagkvæma og vistvæna lausn fyrir prentað efni sem dreifa á í miklu magni. Allt ferlið – frá sendanda til viðtakanda á einum stað.



Helsta nýjungin sem gPóstur býður upp á er **umslagalaus póstur**, svokallaðar lokur sem nýta einungis **50% pappírs** samanborið við hefðbundinn póst í umslagi. Lokurnar er hægt að brjóta og loka á marga mismunandi vegu, auk þess sem hægt er að skjóta inn í þær einblöðungum og bæklingum.

BANKAHÓLFID

MannAuður

Undanfarið ár hefur verið erfitt Straumi hvað varðar starfsmannahald. Hafa margir hæfir starfsmenn hætt hjá bankanum og farið annað. Nú síðast hætti Ægir Birgisson, helsti miðlari Straums, og tók með sér Markús Mána Michaelsson til VBS. Forstjóri Straums flaug heim til að telja þeim hughvarf. Það gekk ekki. Fyrr á árinu hætti framkvæmdastjóri lánasviðs, Margit Robertet. Hún stefnir að því að taka þátt í kvennaævintýrinu Auður Capital ásamt Höllu Tómasdóttur og Kristínu Pétursdóttur. Greinilegt að þær stöllum eru að byggja upp öflugt lið í kringum sig.




Sökudólgar

Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, er einn af öflugri forystumönnum í íslensku atvinnulífi. Við kynningu á uppgjöri bankans undanfarið hefur hann auðvitað verið að réttlæta verri kjör Landsbankans á alþjóðlegum lánamörkuðum, eins og aðrir bankastjórar. Hefur Sigurjón skellt skuldinni að hluta til á Kaupþing. Skuldtryggingarálagið vinsæla hefði rokið upp þegar Kaupþing keypti hollenska bankann NIBC. Aðrir íslenskir bankar hefðu fylgt með. Þess vegna væri álagið hátt. Nokkur kurr er innan banka-kerfisins vegna þessa. Menn eigi að standa saman á erfiðum tímum í stað þess að pota í aumu blettina til að bæta eigin ásýnd.



Vondir lögmenn

Mætur lögmáður í Vestmannaeyjum fór með atkvæði Stillu, félags Guðmundar Kristjánssonar og Hjálmars Kristjánssonar, á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar fyrir helgina. Í Eyjum hefur myndast mikil samstaða um að „verja“ Vinnslustöðina sem Stillumenn vildu kaupa fyrir helmingi hærri upphæð en Eyjamenn ehf. buðu í sumar. Eyjamenn höfðu engu síður betur í slagnum og fara með rétt rúm 50 prósent í félaginu. Heyrðist fleygt að Eyjalögmaðurinn hefði tekið að sér verkið með semingi og byrjað á að benda á annan á sömu stofu sem þegar hefði skapað sér óvinsældir í bænnum fyrir að atast í málum tengdum stofnbrefum sparisjóðsins.



850 milljóna króna tap á rekstri SPRON á þriðja ársfjórðungi.

7.199 Gildi úrvalsvisítölnunnar við lokun markaða á föstudaginn og hafði ekki verið eins lágt frá því í febrúar.

178 milljarða króna tilboð Landsbankans og breska verðbréfafyrirtækisins Cenkos Securities í breska bankann Close Brothers Group. Tilboðinu var hafnað.



Samstarf sem er til fyrirmyndar

JÚLÍUS BENEDIKTSSON, HAFMYND

Fyrirtækjapjónusta

KAUPÞING
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjapjónustu Kaupþings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálapjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is



Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mykt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is


Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Margföld ending og slitþol!

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

A góðumjárnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

vinnuvélar

MÍÐVIKUDAGUR 14. NÓVEMBER 2007



600 lítrar af snjó
á mínútu

Snjógerðarvélar starfa nú
af fullum krafti í brekkum
Hlíðarfjalls.

BLS. 8



FRETTAABÍÐGVA



Öflug í grunnvinnunni

„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“

Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LÝSING.IS // 540 1500

BESTI OG VERSTI
VEGARKAFLINN

Próstur fer ýmist norður- eða suðurleiðina til Egilsstaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Suðurleiðin
þægilegri

Próstur Sigurðsson ekur milli Reykjavíkur og Egilsstaða. Hann er búinn að keyra fyrir Samskip í rúm tvö ár og kann því vel. Fer ýmist norður- eða suðurleiðina. Vegalengdin er svipuð og það fer eftir veðri og færð hvora leiðina hann velur. „Það er örllítið styttra norður en meiri brekkur. Mér finnst suðurleiðin því þægilegri en á móti kemur að hún getur verið mun hálli að vetrinum því hitastigið er svo oft í kringum frostmarkið,“ segir Próstur, sem kveðst fylgjast vel með veðurspánni. „Ég kynni mér hvernig færðin er og hvað er væntanlegt í veðrinu. Fer inn á www.vegagerdin.is í tölvu hér á stöðinni og svo fæ ég fréttir gegnum símann,“ segir hann.

Þar sem Próstur keyrir allan hringinn ætti hann að vita manna best hvar besti vegarkafli er. „Það eru nú víða góðir spottar en vegurinn yfir Möðrudalsöræfin og fjöllin þar, alveg að Mývatni er mjög góður og þægilegur. Þar er hægt að vera á níutíu í einn og hálfan tíma. Auðvitað getur allt verið á kafi í snjó á þeirri leið en yfirleitt halda menn veginum vel við.“

Þá er það spurningin hvar er best að stoppa? „Við stoppum bara einu sinni á hvorri leið. Það er í Freysnesi, við Hótel Skaftafell á suðurleiðinni og Staðarskála eða Víðigerði á norðurleiðinni. Fáum okkur reyndar stundum kaffi á stöðinni á Akureyri áður en við höldum áfram. Besti maturinn? Ég borða það sem á borðum er hverju sinni.“

Eðlisfræði og veðurfar
ástæða þungatakmarkana

Starfsmenn Vegagerðarinnar sinna eftirliti víðs vegar um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flutningafyrirtæki á norðlægum slóðum þurfa á ákveðnum árstíma að búa við áspungatakmarkanir.

Áspungatakmarkanir á þjóðvegum landsins eru nokkuð sem flutningafyrirtæki og vörubílstjórar þekkja vel. Þeir sem aka stærstu bílunum mega aka með ellefu og hálf tonni á hvern öxul og 49 tonn í heild en þegar þungatakmarkanir taka gildi er öxulþunginn lækkaður í 10 tonn og heildarþunginn í 44. Helst er gripið til þungatakmarkana á vorin en einnig í janúar og febrúar í svokallaðri miðsvetrarþíðu þegar frystir og þiðnar á víxl.

„Á haustin og fyrri hluta vetrar þegar jörðin frýs myndast klaki um það bil tvo metra ofan í jarðveginum fyrir neðan vegbygginguna,“ segir Nicolai Jónasson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni. „Svo þegar hlýnar í veðri byrjar klakinn að þiðna ofan frá og þegar um 30 til 50 cm hafa bráðnað er jarðvegurinn fyrir ofan orðinn gegnsósa af raka. Við það myndast viðkvæmt ástand og þá þarf að grípa til áspungatakmarkana.“ Nicolai segir að þá geti þungur bílar brotið niður styrkinn í veginum. Hann segir undirlagið gefa sig og að sprungur og jafnvel hjólför geti myndast í slitlaginu.

Nicolai segir Vegagerðina styðjast við nýja mælitækni til að greina hvað klakinn liggja djúpt og hversu mikill raki er í jarðveginum. „Við höfum komið um fjórutíu mælum fyrir í vegum víðs vegar um landið og erum að fara að setja niður tíu til viðbótar. Áður fyrr þurfti að fara og lesa af þeim en nú eru þeir tengdir með kapli við aflestareiningu og síma í vegkantinum og fáum við nýjar upplýsingar í hús á klukkutíma fresti. Þetta er orðið mun sjálfvirkara en áður og hægt að átta sig betur á ástandinu. Það leiðir til þess að hægt er að setja takmarkanirnar á og taka þær af með meiri vissu sem er til hagsbóta fyrir alla aðila,“ segir Nicolai.

Þegar grípa þarf til áspungatakmarkana er það vel auglýst í fjölmiðlum, á netinu og með tölvupósti. Sérstakir eftirlitsmenn eru svo við störf víðs vegar um landið og sjá til þess að takmörkunum sé framfylgt. Nicolai segir flesta bregðast vel við en segist gera sér grein fyrir þeim vandkvæðum sem fylgja. „Þetta er stórmál bæði fyrir veghaldara og flutningsaðilana. Léttu þarf flutningabíla og fara fleiri ferðir sem kostar auðvitað peninga. Við breytum þó ekki eðlisfræðinni og ekki heldur veðrinu og það mun taka dágóðan tíma að byggja upp vegina þannig að þeir þoli álagið hringinn í kringum landið,“ segir Nicolai.

Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á
www.gf.is eða hafðu samband við ráðgjafa
okkar í síma 440 4400.

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN



Allur réttur áskilinn. Einungis til kynningar.

Leitaðu til sérfræðinga[®] þegar útsýn skiptir verulegu máli.



Jarðýtan D51EX/PX-22 er þannig hönnuð að útsýn yfir ýtublaðið er einstakt og eykur öryggi verulega. Innbyggð veltivörn í grind stjórnhússins og hallandi vélarhlífir tryggir betri útsýn, m.a. til að beita ýtublaðinu með meiri nákvæmni: Tækjastjórnin sér miklu betur til verka; öryggið eykst og afköstin um leið.

D51EX/PX-22-jarðýtan er jafn öflug og hún er þægileg. Hún er afmest í sínum stærðarflokki enda búin nýju ECOT-3 dísilvélinni frá Komatsu - hreinbrunavél sem stenst alla nýjustu og ströngustu staðla um útblástur. Auk þess er vélin einstaklega sparneytin. Lágt liggjandi þyngdarmiðja og breiður undirvagn skapa stöðugleika og halla/brattaþol í sérflokk. Glussadrifið byggir á nýjustu tækni með mjúkt, hiklaust átak og snúningssnerpu sem þýðir hámarksafköst og lipurð.

Þá er nýja ýtan búin hinu byltingarkennda Komtrax-fjarskiptakerfi okkar sem sýnir á tölvuskjá á skrifstofu eiganda hvar hún er stödd, hvað verk hún er að vinna, hvert ástand hennar er o.fl.

Það gerist ekki betra hjá ýtum!



KOMATSU

BESTI OG VERSTI
VEGARKAFLINN

Kristbjörn hlakkar til að fá nýjan veg milli Króksfjarðarness og Hólmavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Heitur matur
á Hólmavík

Kristbjörn Ólafsson keyrir á Ísafjörð fyrir Samskip. Alltaf sömu leiðina. Fer Strandirnar, gegnum Hólmavík og yfir í Djúpið.

„Besti vegarkafllinn er þegar komið er í Djúpið sjálft, yfir Kleifina í Eyrarfjalli. Þá er malbik og góður vegur það sem eftir er á Ísafjörð,“ segir hann aðspurður og bætir við: „Árið 2010 á að vera komið malbik á alla þessa leið vestur. Það vantar á Strandirnar ennþá. En það á að koma nýr vegur milli Króksfjarðarness og Hólmavíkur og þá eignum við að fara Bröttubrekku og um Dalina vestur.“

Kristbjörn kveðst um sex og hálfan tíma á akstri og svo sé 45 mínútna stopp á leiðinni. „Ferðin tekur sjö tíma og kortér við bestu skilyrði en auðvitað lengist sá tími oft á veturna í erfiðri færð,“ segir hann.

Þá kemur að spurningunni hvar best sé að stoppa. „Við borðum oft í Hyrnni í Borgarnesi á leiðinni vestur. Svo stoppum við á Hólmavík líka. Það er nú ekki mjög mikið val um áfangastaði á þessari leið,“ svarar Kristbjörn brosandi. „Ég fæ mér nú oftast bara rétt dagsins í Hyrnni. Svo er gott að borða í sjoppunni á Hólmavík líka. Þar er beðið eftir okkur með heitan mat fram eftir á kvöldin.“

-gun



Petra Andrea Maack Halldórsdóttir þekkir enga aðra stelpu sem vinnur á gröfu en mælir eindregið með starfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

Góður grunnur fyrir verkfræðina

Petra Andrea Maack Halldórsdóttir tók vinnuvélaréttindi aðeins sautján ára gömul. Í dag vinnur hún á gröfu samhliða námi í byggingaverkfræði.

„Pabbi er búinn að vera í þessum bransa síðan ég fæddist og ég fékk oft að hoppa upp í gröfurnar með honum þegar ég var lítil. Síðan vann ég við verkamannavinnu sem unglingur og ákvað að taka vinnuvélaréttindi þegar ég varð sautján ára. Síðan hef ég unnið við þetta í fríum og samhliða námi,“ segir Petra Andrea Maack Halldórsdóttir, nítján ára nemi í byggingaverkfræði við Háskóla Íslands, sem einnig vinnur á gröfu hjá Glaumi verktakafélagi ehf.

Þrátt fyrir að bransinn sé að einhverju leyti í blóðinu segir Petra starfsvalið alfarið vera eigin ákvörðun. „Ég hef mjög gaman af þessu og vildi taka þessi réttindi sjálf. Þetta er líka ágætis peningur þar sem ég er í skóla

og góður grunnur fyrir byggingaverkfræðina,“ útskýrir Petra, sem segir starfsreynsluna koma að góðu gagni í skólanum. „Ég er með ákveðið forskot í sumum greinum og get nefnt sem dæmi jarðfræðina sem er verið að tengja raunveruleikanum þessa dagana. Þar kann ég ýmislegt um efnin sem vegirnir eru byggðir úr. Bæði er þetta nefnt á vinnuvélanámskeiðinu og ég hef lært þetta af reynslunni í starfi,“ segir Petra og mælir eindregið með þessu starfi fyrir jafnaldrara sína. „Námið í kringum vinnuvélaréttindin er eins og hvert annað nám sem oftast gengur vel ef áhugi er fyrir hendi.“

Áður en Petra hóf störf á vinnuvélum starfaði hún sem verkamaður við ýmsar framkvæmdir en tvö síðustu sumur hefur hún unnið á gröfu við Reykjanesbraut í Garðabæ og Kópavogi. Í dag er hún að fást við gatnagerð í íbúahverfi á Rjúpnahæð í Kópavogi. Petra vinnur ýmist á beltagröfu eða hjólavél en er einnig með réttindi á valtara. „Það er mismun-

andi hvernig vélum ég er á, það fer bara eftir því hvað vantar,“ segir Petra, sem þekkir enga aðra stelpu sem vinnur á gröfu. „Ég þekki fullt af stelpum á vörubíl, þannig að ég er ekki alveg ein,“ segir Petra, sem var snögg að venjast vélunum. „Það var kannski svolítið skrítíð að vera undir stýri á svona stórum vélum fyrst, en þetta er enga stund að venjast og ég er löngu hætt að taka eftir því þegar þær vaggja,“ segir Petra en upphaldsvélin er að hennar sögn Caterpillar 316 hjólavél.

Karlmenntu eru í meirihluta í bransanum en að sögn Petru hentar þó starfið báðum kynjum. „Það er fínt að vera stelpa í þessum bransa þrátt fyrir þetta mikla karlavelði. Stelpur þurfa bara að vera ákveðnar og geta svarað fyrir sig en það á svo sem við um strákana líka. Þetta er bara þannig bransi að allir þurfa að geta svarað fyrir sig og verið svolítið ákveðnir, hvort heldur sem þú ert stelpa eða strákur,“ segir Petra.

-rh

Akralind 4 201 Kópavogur

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@unipias

Leysir af hólm K650 og K700

Partner K1250 / Þyngd 14,8 / Skurðd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvæðingamyndi fyrir Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hli B&S

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K350 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,3 cm.

Skurðvagnur

DIMAS hand - kjarnabærir

DIMAS kringvagnblöð

DIMAS ELD 20/ELD 45/ELD 70/ELD 90 Pur & blaut steinsögublöð

DIMAS kjarnabærir

DIMAS kjarnabærir

PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD

The smart way. **DIMAS**

ÖJ-ARNARSON EHF

www.trukkur.is

☎ 893 8327



- Gámakeysrsla
- Efnisflutningar
- Vélaflutningar
- Flatvagnaflutningar
- Dráttabílar
- Vörubílar
- Gröfur og tæki
til allra annarra jarðvinnu

ÖJ-ARNARSON EHF

www.trukkur.is trukkur@trukkur.is
Símar 893 8327, 863 8327, fax 587 4832.

Bílavarahlutir

Freudenberg
Áspétti

FREMAX

ELF **ICER**
ICER BRAKES

Hemlahlutir

FAG
Kúlu- og rúllulegur

GLO
Kúluliðir

precision
Hjöruliðir

optibelt
Viftu- og timareimar

SACHS
Kúplingar og höggdeyfar

TIMKEN
Keilulegur

FÁLKINN
Stofnað 1904
PEKING REYNSLA ÞJÓNUSTA

Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími: 540 7000
Fax: 540 7001 • Netfang: falkinn@falkinn.is



Kristinn Sigurðsson segir starf sendibílstjóra fjölbreytt og skemmtilegt og vilar ekki fyrir sér að aðstoða fólk við nánast hvað sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fara í öll verk

Það er mikil fyrirhöfn að flytjast búferlum og þar kemur rúmgóður bíll í góðar þarfir.

Sendibílastöðin hf. hefur að leiðarljósi mottóið „trúin flytur fjöll, við flytjum allt annað!“ og má það til sanns vegar færa. Þar er boðið upp á fjórar stærðir af bílum og með þeim koma bílstjórar sem aðstoða við flutningana en þeir eiga bílana sjálfir.

„Við reynum að komast að því hvað það er sem fólk er að flytja og svo sendum við þá stærð sem hentar í verkefnið,“ segir Kristinn Sigurðsson, formaður stjórnar Sendibílastöðvarinnar. Verðið fer eftir hversu stóran bíll er verið að leigja, hve lengi og hvað er verið að flytja.

„Verðið er frá 3.300 krónum

á klukkutímann upp í um 7.000 krónur að meðaltali. Með stærstu bílana er oft miðað við rúmmetra og þyngd vörunnar sem verið er að flytja,“ útskýrir Kristinn. Bílstjórnarnir hjálpa ávallt við flutningana en starf þeirra getur verið mjög fjölbreytt.

„Þegar veturinn kemur og það er brjáláð að gera á dekkjaverkstæðunum er stundum hringt í litlu bílana og menn fengnir til að koma og hjálpa til á verkstæðunum. Síðan höfum við stundum hjálpað fólk við að skipta um dekk, hengja upp myndir, pakka niður og fleira. Við gerum allt!“ segir Kristinn glettinn og ljóst er að hér er um hrausta og vana menn að ræða.

-hs

Flutningatæki og hjólbarðar

Traust þjónusta og hagstætt verð!



Flutningavagnar og kassar

Heildarlausnir í flutningavögnum og flutningakössum frá traustum framleiðendum.



Vörubíladekk

Traust vetrar- og heilsársdekk. Áralöng reynsla við íslenskar aðstæður.



Ál-slískjur – fyrir létt og þung tæki



Fáðu vörulista sendann, hringdu eða pantaðu á vefsíðu okkar.



Vinnuvéladekk

Níðsterk dekk fyrir stórar vinnuvélar á lager. Sérþöntum flestar aðrar gerðir með stuttum



Dekkjávelar



Hjólkoppar og felgur / naglar og míkroskurður

ALORKA

BESTI OG VERSTI VEGARKAFLINN



Besti vegarkafinn er frá Reykjavík í Borgarnes að mati Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Skiptir um í Víðigerði

Valur Andrésen keyrir fyrir Samskip í Víðigerði í Víðidal í Húnavatnssýslu. „Ég lesta vagna í Reykjavík, fer með þá í Víðigerði, skipti þar og tek vagna sem komnir eru þangað frá Akureyri og fer með þá til Reykjavíkur. Besti vegarkafinn á þeirri leið er frá Reykjavík í Borgarnes. Svo er hann á mörkunum þaðan. Ég stoppa í Víðigerði í 45 mínútur og borða þar ef ég er ekki það seinn að ég sé búinn að borða þegar ég legg af stað úr borginni. Það er matur þar fram undir miðnætti ef þess er óskað.“

-gun

Vörubílar ársins 2008

Á bílasýningunni „European Road Transport Show 2007“ sem fram fór í Amsterdam í Hollandi í lok október hlutu MAN TGX og MAN TGS titilinn „Vörubíll ársins 2008“. MAN er þar með fyrsti framleiðandi vörubíla, sem hlotið hefur þennan eftirsóttta titil sjö sinnum, eða árin 1978, 1980, 1987, 1995, 2001, 2006 og 2008. Kviðdómur, sem samanstendur af 20 evrópskum blaðamönnum fagtmárita, valdi þessar tvær nýju gerðir úr „Truckology® Generation“ línunni.

MAN TGX og TGS voru heimsfrumsýndir á atvinnubílasýningunni í Amsterdam. Við þróun og hönnun þessara tveggja nýju gerða vörubíla í stærðarflokkunum 18 til 50 tonn, var sérstök áhersla lögð á áreiðanleika, hagkvæmni og þægindi. Anton Wein-



MAN-vörubíll

mann, stjórnarformaður MAN Nutzfahrzeuge, tók við viðurkenningunni og sagði að með vali sínu á TGX og TGS hefði kviðdómurinn staðfest að markmiðum framleiðslunnar hefði verið náð og sagði um leið að þessar gerðir MAN vörubíla settu nýja staðla um áreiðanleika, hagkvæmni og þægindi í þeirra stærðarflokki.

- ve

Páfinn fær dráttarvél

Benedikt XVI páfi fékk nýlega afhenta einstaka New Holland dráttarvél. Vélin er hvít á lit af gerðinni T7050. Skjaldarmerki Páfagarðs er á vélarhlíf-inni. Ekki verður vélin notuð til stórvirkra framkvæmda innan Páfagarðs heldur verður hennar helsta hlutverk að draga og koma fyrir gríðarstórum palli á Sankti Péturstorginu í Róm á hverjum miðvikudegi, þegar páfinn heldur þar messu.

Dráttarvélin var gjöf frá Fiat



Benedikt XVI páfi ásamt Carlo Lamro frá New Holland í Evrópu, Sergio Marchionne frá Fiat Group og kardinála.

Group og átti að vera tákni um aðdáun og virðingu. www.velaveris

BESTI OG VERSTI VEGARKAFLINN



Bjarni man þegar aðeins var mokað tvisvar í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Góðir vegir í Djúpinu

Bjarni Gunnarsson er búinn að keyra flutningabíl í átján ár og alltaf milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Hann segir veginn hafa breyst mikið til batnaðar á þessum árum og vetrarþjónustuna á leiðinni líka. „Þegar ég byrjaði árið 1989 var mokað tvo daga í viku, nú er mokað alla daga og meiri þjónusta, betri hálkuvörn og vegunum sinnt miklu betur.“ Bjarni kveðst alltaf keyra sömu leiðina til Ísafjarðar, norður á Strandir og þaðan yfir Steingrímsfjarðarheiðina í Djúpið. „Þetta er eini vegurinn til Ísafjarðar sem er mokaður á veturna þannig að það er ekki önnur leið í boði. Við megum heldur ekki vera fulllestaðir á öðrum leiðum.“ Spurður um besta vegarkafliann svarar Bjarni: „Það eru góðir spottar í Borgarfirðinum komnir í fulla breidd og sama má segja um leiðina frá Reykjavík í Borgarnes. Svo eru ágætir vegir í Djúpinu og verið að vinna í síðasta kaflanum þar. Brú yfir Mjóafjörð ætti að verða komin í gagnið næsta haust. Þá leggst vegurinn yfir Eyrarfjallið af og leiðin liggur út á Reykjanesið, þar verður brú yfir Reykjarfjörðinn og svo þvert yfir Mjóafjörðinn. Það verður munur því þá verðum við á láglandi frá Steingrímsfjarðarheiðinni á Ísafjörð. Við erum með fjóra bíla fasta á þessari leið og bætum við ef þarf.“

- gun

www.volkswagen.is



Veldu þér vinnufélaga

Vinnubílalína Volkswagen er ótrúlega fjölbreytt og kemur til móts við ólíklegustu þarfir. Allar gerðirnar er líka hægt að fá í ótal útgáfum svo þú finnur örugglega rétta bílinn fyrir þig. Allir eiga þeir þó sameiginlegt að vera frábærlega hannaðir, endingargóðir, öflugir og öruggir.

Ef þig vantar vinnubíl og vilt bara fara á einn stað er HEKLA staðurinn.



Atvinnubílar



Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Færanlegar og mjög hljóðlátar loftpressur.

Val um afköst 50L/min eða eða 100 L/min
Loftþrýstingur stillanlegur að 8.bar/116 psi.
24 Lítra kútur. Vegur aðeins 27. / 42 kg.



JARN&GLER Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Gúmmíbelti undir allar vélar

LINSE
INDUSTRIEL ERVISE



impex
E H F

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Snjóbyssurnar í Hlíðarfjalli eru feikilega afkastamiklar í miklu frosti og getur hver vél framleitt snjó úr allt að 600 lítrum vatns á mínútu.

MYND/MYNDRÖN

600 lítrar af snjó á mínútu

Í Hlíðarfjalli á Akureyri hefur verið framleiddur snjór í brekkurnar þegar þurfa þykir frá árinu 2005. Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, segir snjónvélnar notaðar í um það bil 500 klukkustundir á ári.

„Meginhræfnið sem þarf til snjóframleiðslu er vatn og kalt loft,“ segir Guðmundur og bætir því við að vatnslagnakerfi sé um allt Hlíðarfjall. „Kranar eru tengdir við vatnslagnirnar með hundrað metra millibili og þar getum við tengt snjónvélnar sem nota á bilinu 40-600 lítra af vatni á mínútu. Eftir því sem kaldara er úti fer meira vatn í gegnum hana og meiri snjór verður til,“ segir Guðmundur en séu allar sjö vélnar tengdar í einu getur heildarframleiðslan farið yfir fjögur þúsund lítra á mínútu í öllu fjallinu. „Hitastigið hefur allt að segja varðandi það magn sem framleitt er á hverri mínútu og í fimmtán stiga frosti er hægt að framleiða allt að 600 lítra af snjó á mínútu en sé frostið aðeins 1,5 gráða framleiða vélnar aðeins 40 lítra hver á mínútu.“



Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, segir snjóframleiðslu í fjallinu geta farið yfir fjögur þúsund lítra samtals á mínútu úr öllum snjóbyssunum sjö.

Guðmundur segir það ekki mikið bras að færa snjóbyssurnar úr stað því þær séu ekki nema fimm til sex hundruð kíló. „Við flytjum þær framan á snjótroðaranum alveg eins og aukataeki eru hengd framan á traktora í sveitum,“ segir Guðmundur.

Snjóframleiðslukerfið er notað í um 500 klukkustundir á ári og segir Guðmundur að framleiddi snjórinn sé jafnfjölbreytilegur og venjulegur snjór. „Hann er samt aðeins öðruvísi en náttúrulegi

snjórinn. Þetta eru hárfínar kúlur sem bindast mikið meira og verða þéttari. Sem dæmi er framleiddur snjór á bilinu 400-500 kíló hver rúmmetri, en venjulegur jafnfalinn snjór er á bilinu 70-130 kíló, þannig að það munar töluverðu,“ segir Guðmundur og bætir við: „Þess vegna er framleiddi snjórinn mun þéttari og endingarþetri því vatnið og hlákan vinnur ekki eins vel á honum og náttúrulega snjónum.“



... ekki bara legur !!

DRIFKEÐJUR

VERKFÆRI


REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

**KLEMM-
FÓÐRINGAR**



Landvélur / Straumurás 1999



LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800



STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

Flytjum allar gerðir vinnuvéla






Fljót og góð þjónusta

KRÖKUR

DRÁTTARBÍLAR

Sími 564 3800
Dalvegi 24 201 Kópavogur Fax 564 3802

512 Auglýsingasími 50 50

Mest lesið



Jón Gestur Ólafsson, skrifstofustjóri á Bílaleigu Akureyrar, segir flesta bílana þar á bæ henta fólk án meiraprófs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flutt á leigubíl

Misjafnt er hvernig fólk hyggst skipuleggja flutninga og vilja sumir gera sem mest sjálfir. Það er þó sjaldnast svo að fólk hafi yfir flutningabíl að ráða en hægt er að taka þá á leigu.

Bílaleiga Akureyrar starfar víðs vegar á landinu þrátt fyrir staðbundið nafn sitt og býður hún meðal annars upp á leigu á sendi- og flutningabílum. Misjafnt er þó eftir stærð bílsins hversu mikil ökuréttindi þurfa að vera fyrir hendi.

„Þyngdin segir til um hvers konar ökuréttindi þarf. Eins og er erum við bara með einn stóran bíl þar sem ökumaður þarf að hafa tekið meirapróf eða vera með ökuþróf tekið fyrir 1. júní 1993. Þetta er stærsti bíllinn okkar en hann er um 36 rúm-metrar og er kassabíll með lyftu sem tekur stærri búslóðir. Flestir bílarnir okkar eru þó þannig að hver sem er getur keyrt þá,“ útskýrir Jón Gestur Ólafsson, skrifstofustjóri bílaleigunnar, og segir algengt að fólk í flutningum taki minni bíla.

„Þetta eru bílar eins og Peugeot Boxer, Volkswagen Transporter og þess háttar. Við erum með mikið úrval en við erum ekki að

fara mikið í þessa stærri bíla þar sem margir treysta sér ekki í að keyra þá,“ útskýrir Jón Gestur.

„Það er algengara að fólk taki stóru bílana þegar það flytur út á land. En þegar fólk flytur innan höfuðborgarsvæðisins og í nágrenni þess er það frekar á minni bílum,“ segir Jón Gestur.

Bílaleiga Akureyrar er með tímaleigu á sendibílunum og er hægt að leigja þá í tvo, fjóra og sex tíma eða í sólarhring. Verðið er misjafnt eftir bílum en minnstu skutlurnar eru á 6.900 krónur á sólarhring með 100 kílómetrum en dýrasti bíllinn er á 19.500 krónur á sólarhring. Nánari upplýsingar um verðlag má annars finna á heimasíðu bílaleigunnar, www.holdur.is.

Í Kópavogi er einnig Cargo sendibílaleiga sem sérhæfir sig í útleigu sendibíla til einstaklinga og fyrirtækja. Bílarnir eru undir þeim stærðarmörkum sem gera kröfu um meirapróf bílstjórans en samt nægilega stórir til þess að henta í flesta flutninga einstaklinga og minni fyrirtækja. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.cargobilar.is. Hér er því kominn valkostur fyrir framtakssama sem vilja ganga í verkið sjálfir.

- hs

Ert þú leið(ur) á að skipta um þerur?

DÍÓÐULJÓSin FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



et EFF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE

Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGPOLNAR
ENDAST OG ENDAST



**BESTI OG VERSTI
VEGARKAFLINN**



Jóhann segir alla leiðina til Hornafjarðar í upphaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Fínt í Freysnesi

Jóhann Samúelsson er bílstjóri fyrir Samskip á leiðinni Reykjavík Hornafjörður. Spurður um besta kaflann á þeirri leið svarar hann að bragði: „Þetta er allt voða svipað. Leiðin kemur til með að stytta um 10-12 kílómetra þegar ný vegurinn kemur yfir Hornafjarðarfljótið ytra.“

Jóhann borðar alltaf í Freysnesi. „Það er alltaf mjög gott að borða í Freysnesi og líka fyrsta flokks þjónusta. Beðið eftir okkur fram á nætur. Það er nú ekki stórgróði af því að hanga yfir einhverjum örfáum vitleysingum en þetta er eini staðurinn sem við getum borðað á. Það liggur líka vel við út af veðri því stundum er hvasst sitt hvoru megin við, við Lómagnúp og Sandfell.“

- gun

Hjólaskóflur í F-flokki á markað

Hjólaskóflur í F-flokki Volvo eru komnar á markað á Íslandi og eru til sölu hjá Brimborg. Vélar eru mikið endurhannaðar sem skilar sér í meiri þægindum fyrir stjórnanda, auknum vinnuafköstum vélarinnar, minna viðhaldi og lægri rekstrarkostnaði. Nýju vélarinnar leysa af hólmi hjólaskóflurnar í E-flokknum.

Meðalstóru gerðirnar fimm í F-flokknum eru búnar vélum frá Volvo með V-ACT tækninni. Þær eru búnar háþrýstu eldsneytiskerfi með forðagrein, vélartölvu sem stýrir brennslunni og endurhringrás afgass (EGR) sem dregur úr magni köfnunarefnisoxíða í afgasinu.

L110F og L120F gerðirnar eru báðar með sjö lítra Volvo D7 dísilvélum. Er L110F vélin 231 hestafl og

L120F vélin 245 hestöfl. Stærri meðalstóru vélarinnar eru með 12 lítra Volvo D12 dísilvélum. L150F vélin er með 286 hestafla vél, L180F-vélin er 320 hö. og L220F-vélin 355 hestöfl.

Allar eru skóflurnar með nýja Volvo HTE girkassa með PWM ventli sem mýkir gírskiptingar. Hemlar fara sjálfvirkir á þegar drepð er á vélinni. Öxlar vélarinnar eru sterkir og smíðaðir hjá Volvo. Grindin undir hjólaskóflunni er sterk sem gerir það að verkum að skóflan þolir mikið álag og er stöðug.

Ökumannshús hjólaskóflunnar hefur verið endurhannað. Rúður hafa verið stækkaðar og ná nú frá gólfi til lofts. Mælaborðið er nýtt og með endurbættum LCD-skjá.

Nánar á www.volvo.is



Hjólaskófla í F-flokki Volvo.



Vélar frá Venieri geta knúð hvaða vökvaverkfæri sem er eins og snjóblásara og sópa.

Venierivélar í 60 ár

Vélar og þjónusta er umboðs- aðili fyrir fjölskyldufyrirtæki Venieri sem stofnað var fyrir sextíu árum og sérhæfir sig í framleiðslu á hjólaskóflum og traktorsgröfum frá þremur tonnum upp í þrettán tonn.

Vélar og þjónusta hafa flutt inn nokkuð margar Venierivélar frá árinu 2005 þegar fyrirtækið hóf innflutning á vélunum sem hafa þótt reynast vel. Traktorsgröfurnar og hjólaskóflurnar eru þannig útbúnar að þær eru með Perkins-mótor og Bosch Rexroth hydrostatic-skiptingu sem gerir það kleift að stilla aksturshraða óháð snúningshraða á mótornum. Vélarinnar geta þannig knúð hvaða vökvaverkfæri sem er framán á sér eins og snjóblásara, sópa og fleira.

Venieri-hjólaskóflurnar sem Vélar og þjónusta bjóða nú eru einnig á breiðum flotdekkjum og með stórar skóflur úr Hardox-stáli til að ná meiri afköstum. Þá er „Ride Control“ á öllum vélunum auk vökvahraðtengi.

- sig



Vélar og þjónusta hafa flutt inn vélar frá Venieri frá árinu 2005 og hafa þær reynst afar vel.

Venieri fyrir veturinn

stórar skóflur • vökvadrifnir snjóblásarar • snjótennur



VF 1,33B

3,3 tonn
4 x 4
4 hjóla stýrð
Opnanleg framskófla
3 Bakko skóflur
Gaflasett

Bosch Rexroth hydrostatic skipting
Vökva hraðtengi
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
Öflugur Perkins mótör



VF 263 plus

3,9 tonn
1,0 m³ skófla
Gaflasett
4 x 4
Liðstýrð
Breið flotdekk

Bosch Rexroth hydrostatic skipting
Vökva hraðtengi
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
Öflugur Perkins mótör
Ride Control

Ítölsk hönnun og gæði á góðu verði!



VF 9015

12,5 tonn
3 m³ skófla
Gaflasett
Liðstýrð
Bosch Rexroth hydrostatic skipting

Breið flotdekk
Vökva hraðtengi
Vökva tregðulæsingar
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
6cl. öflugur Perkins mótör
Ride Control



VF 363F

5,4 tonn
1,2 m³ skófla
Gaflasett
4 x 4
Liðstýrð
Breið flotdekk

Bosch Rexroth hydrostatic skipting
Vökva hraðtengi
Vökva tregðulæsingar
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
Öflugur Perkins mótör
Ride Control



1947 - 2007

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili V&P á Norðurlandi, sími 461 6061

Komið, skoðið og prófið!

Vinnuþjarkur frá Kuhn

Vinnuvélaframleiðandinn Kuhn sýndi á dögnum risavaxna landbúnaðarvél sína, Moduliner, á landbúnaðartæknisýningunni Agritechnica 2007.

Vinnuvélin getur bæði herft og raðsáð í jarðveg, sem gerir hana sveigjanlegri og með betri aðlögunarhæfni en eldri og þunglamlaglegri vélar.

Moduliner sameinar snúningsherfi sem tengist 2800l eða 3500l skammtara sem staðsettur er á



Kuhn Moduliner

undirvagni, samfastur við annaðhvort venjulega sáðeiningu eða nákvæman sáðbor. Útkoman er

6 metra vinnutæki fyrir bændur og verktaka sem nota má við uppskeru og hvers kyns nýrækt.

Afturstykkið hefur að geyma 40 Seedflex-sáðdiska. Tvö vökvaknúin mælitæki geta ýmist stjórnað skammti fræja og útsæðis, eða ákveðið áburðarmagn í gegnum nákvæma sáðvélinu.

Vinnuvélinni er stjórnað með rafeindastýriþripna, en til að draga Moduliner þarf traktor sem er minnst 200 hestöfl.

Arrowhead Brotfleygar



VÉLFANG VERKIN TALA



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

Gæði á góðu verði

Doosan - Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Það má svo sannarlega segja að Einar Kristinn sé úti að aka þessa dagana en hann er að læra fyrir meirapróf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auknir atvinnu- möguleikar

Meirapróf felur í sér aukin ökuréttindi og getur víkkað atvinnumöguleika töluvert. Vinnuvélanámskeið er einnig skjót leið til starfsmenntunar og getur oft komið sér vel að hafa leyfi á fjölbreyttar gerðir ökutækja.

Einar Kristinn Stefánsson, starfsmaður hjá Stjórnublikk ehf., er um þessar mundir að læra fyrir meirapróf og hefur einnig vinnuvélaréttindi. „Meirapróf veitir réttindi til að keyra stór ökutæki eins og vörubíla, eftirvagna, rútur og þess háttar og einnig er hægt að taka leigubílapróf. Vinnuvélaprófið gefur hins vegar rétt til prófs á allar stærðir og gerðir vinnuvéla eins og til dæmis krana, lyftara og gröfur,“ útskýrir Einar.

Það fer drjúgur tími í nám til meiraprófs en bóklegt nám til réttinda á vöru-, hóp- og leigubifreið tekur fimm helgar og verkleg kennsla fer fram á virkum dögum eftir samkomulagi nemanda og kennara. Að lokum eru tekin verkleg próf. Nemendur geta reiknað með að fyrsta verklega ökuþrófið fari fram um viku eftir að síðasta bóklega prófinu lýkur.

„Ég er í Nýja ökuskólanum en annars er líka hægt að fara í Ökuskólann í Mjódd. Þetta er skóli í umferðarreglum og umsjá og meðferð tækja og markmiðið er ekki einungis að kenna manni á stærri ökutæki heldur líka að gera mann að skilningsríkari og hæfari ökumanni. Með skilningsríkari á ég við að maður lærir betur umferðarlögin, farið er í umferðarsálfræði og maður öðlast skiln-

ing á meðferð stórra ökutækja. Til dæmis gerir maður sér betur grein fyrir því plássi sem þau þurfa og skilningur á umferðinni í heild eykst,“ segir Einar, sem hefur gaman af náminu. Meiraprófsréttindin eru þó ekki gefins og er námið því líka töluvert fjárfesting. „Kostnaður er mismunandi eftir því hvað þú tekur mikið og er verðskránni skipt í flokka sem sjá má á www.meiraprof.is. Ég er að taka allt saman og það kostar 340.000 krónur,“ segir Einar, sem er með því að auka hæfni sína og atvinnumöguleika töluvert.

Inntökuskilyrði fara eftir aldurstakmörkum og skila þarf inn læknisvottorði. Einnig þarf viðkomandi að hafa fullnaðarskrifteini til ökuréttinda. Réttindaldur á vörubifreið með eftirvagni er átján ár, tuttugu ár á leigubifreið en tuttugu og eitt ár á hóp-bifreið. Einnig er hægt að fara á vinnuvélanámskeið í ökuskólunum en þó nokkuð er liðið frá því Einar varð sér úti um vinnuvélaréttindi. „Ég tók þau á Hvanneyri þegar ég var í Bændaskólanum þar og var það árið 1989 eða 1990. Þá nægir að vera sautján ára en almenn ökuréttindi eru þó forsenda þess að vinna á vinnuvélar utan lokaðra vinnusvæða. Námskeiðið veitir réttindi til að taka próf á mismunandi tæki. Ég er með próf á krana, traktorsgröfu, lyftara og eitthvað fleira. Á námskeiðinu er fyrst og fremst farið í upplýsingar og öryggisþætti og hvernig tæki eru uppbyggð og hvernig þau vinna,“ segir Einar, sem getur að meiraprófi loknu keyrt nánast hvaða ökutæki sem er.

-hs

**BESTI OG VERSTI
VEGARKAFLINN**

Slapp vel úr hremmingum

Sigfús Jónsson ekur milli Hornafjarðar og Reykjavíkur fyrir Samskip. „Þetta er fínt. Bara gaman,“ segir hann og er líka ánægður með farkostinn sem er af Benz-gerð. En hvar er besti vegarkafllinn? „Það er öll leiðin fyrir utan Reynisfjallið við Vík sem getur verið leiðinlegt að vetrinum.“ Ekki kveðst Sigfús hafa alveg sloppið við hremmingar við aksturinn. „Ég lagðist á hliðina í roki og ísingu rétt fyrir jólin. Það



Sigfús hefur keyrt milli Hornafjarðar og Reykjavíkur í þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

gerðist á tiltölulega góðum stað þannig að ég slapp nokkuð vel. -gun



Með frumuteljaranum er hægt að auðkenna bráð júgurbólgu tilfelli fyrir en áður.

Frumuteljari DeLaval hlýtur gullverðlaun

Beinlínutengdi frumuteljarinn sem er fáanlegur fyrir VMS mjaltaróbóta hlaut tveggja stjörnu „InnovSpace“-viðurkenningu fyrir bestu frumlegu nýsköpunina og INEL d'OR gullverðlaunin að auki á einni af stærstu landbúnaðarsýningu heims sem haldin var í Frakklandi í september.

„InnovSpace“ viðurkenningin er veitt þeim búnaði sem bæði er frumlegur og nytsamlegur fyrir bændur og sýnir að DeLaval er leiðandi í framþróun í mjólkurframleiðslu í heiminum. INEL d'OR verðlaunin eru veitt í flokki vara sem snúa að dýravelferð.

OCC- beinlínutengdi frumuteljarinn er eini frumuteljarinn sem er fáanlegur fyrir mjaltaróbóta. Með notkun á þessum frumuteljara öðlast bændur aukna þekkingu og betri stjórnun sem áður þekktist aðeins á sérstökum rannsóknarstofum. Nú er til dæmis hægt að auðkenna bráð júgurbólgu tilfelli og taka strax í taumana með réttum aðgerðum ásamt því að fylgjast nánar með gæði mjólkurinnar sem og heilsu gripanna.

www.velaver.is

Réttu vélarnar í verkið!



NEW HOLLAND

Áratuga frábær reynsla af NEW HOLLAND vinnuvélum á Íslandi eru bestu meðmælin!

NEW HOLLAND D150 jarðýta
Cummins Dieselvél sex strokka 150 hö.
LGP Undirvagn, 800 mm spyrnur.
Vökvaskipting undir fullu álagi.
Beygir með fullu átaki á bæði belti.
Fjölskekkanlegt ýtublað 4000 x 1000 mm.
Ripper 3ja, tanna, veltihús ofl.
Vinnuþyngd vélar er ca.17 Tonn

**Mjög hagstætt kynningarverð!
Til sýnis og prófunar hjá okkur**

KORTER IS

Astra "búkollur,"
30 tonna burðargeta með 350 hestafla vél sem er 10 lítra IVECO Cursor með common rail eldsneytiskerfi. ZF skipting 6 þrepa sjálfskiptingu og upphituðum palli. Ökumannshús er mjög rúmlegt og með góðu útsýni. Upplýsingaskjór sem gefur ökumanni upplýsingar um ástand vélarinnar auk þess að sýna gráðuhalla á pallinum þegar sturtað o.m.fl.



Eigum fyrirliggjandi úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum - Veldu vél sem hentar þínu verki!



Langendorf
Malarvagnar

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
Sölum.New Holland S. 899 5549
www.sturlaugur.is

Kubota Smágröfur



KUBOTA gröfur frá einum stærsta smágröfuframleiðanda heims
Sýningarvélur á staðnum.



ÞÓR HF | Reykjavík: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Vinnuvélar og verndun umhverfisins

Æ oftar er rætt um mikilvægi þess að stuðla að bættu umhverfi og minnka mengun. Vinnuvélar verða seint taldar umhverfisvæn tæki en þó eru leiðir til að draga úr skaðlegum áhrifum þeirra og eru þær settar fram í umhverfisstefnum ýmissa stofnana.

Nú eru liðin um ellefu ár frá því fyrst var samþykkt formleg stefna í umhverfismálum hjá Vegagerðinni og komið var á laggirnar umhverfisnefndum í öllum umdæmum Vegagerðarinnar. Umhverfisnefndum Vegagerðarinnar var meðal annars ætlað að fylgjast með framgangi umhverfismála í umdæminu og áttu nefndirnar auk þess að hafa frumkvæði að tilögum varðandi aðgerðir á sviði umhverfismála. Síðan þá hefur öryggismálum verið bætt við starfssvið umhverfisnefnda. Iðntæknistofnun vill einnig stuðla að því að íslenskt atvinnulíf taki fullt tillit til umhverfismála og verði þekkt fyrir ábyrga stjórnun umhverfismála. En hvaða umhverfisþættir snúa helst að vinnuvélum? Helstu umhverfisþættir í tengslum við vinnuvélar eru tengdir útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá vinnuvélum en auk þess þarf að gæta þess hvernig þeim er

beitt svo þær valdi sem minnstu raski á umhverfinu. Í ársskýrslu Vegagerðarinnar frá árinu 2006 kemur fram að notkun vinnuvéla sé stærsti liðurinn í losun koltvísýrings í eigin rekstri Vegagerðarinnar. Frá vinnuvélum komu um 1.566 tonn á árinu en útblástur frá fólksbílum var samtals um 906 tonn af koltvísýringi. Það er því ljóst að þensla í framkvæmdum á sviði iðnaðar hefur í för með sér ýmiss konar umhverfismengun. Til að reyna að hafa áhrif á stjórnun umhverfismála til hins betra þarf að skoða ýmsa þætti. Iðntæknistofnun nefnir meðal annars eftirfarandi atriði í ársskýrslu sinni frá 2006 sem stuðli að ábyrgri stjórnun umhverfismála:

- Allir starfsmenn séu meðvitadur um áhrif starfa sinna á umhverfið.
- Fylgjast þarf með og stýra áhrifum starfseminnar á umhverfið.
- Leggja þarf áherslu á rannsóknir, fræðslu og ráðgjöf á sviði umhverfismála.
- Vinna þarf að rannsóknum og þróun á ferlum sem minnka álag á umhverfið.
- Taka þarf tillit til umhverfismála við innkaup á aðföngum.
- Framfylgja skal viðeigandi lögum og reglugerðum á sviði umhverfismála.
- Stuðla skal að stöðugum um-



Stjórnendur fyrirtækja og stjórnendur vinnuvéla bera ábyrgð gagnvart umhverfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

bótum í umhverfismálum og birta auglýsingu þar að lútandi í ársskýrslu Iðntæknistofnunar.

Af eftirfarandi er ljóst að fræðsla er lykilatriði í verndun umhverfisins og að þeir sem starfa við vinnuvélar séu meðvitadur um hlutverk sitt. Fyrirtækin sem menn vinna fyrir bera ábyrgð á því að starfsmenn séu upplýstir og fari að reglum. Í skýrslu Vega-

gerðarinnar frá 2006 var sagt frá því að ríkisstjórnin hefði ákveðið að beina þeim tilmælum til allra ríkisstofnana að við endurnýjun á bifreiðum í eigu ríkisins verði almennt keyptar vistvænar útfærslur af bílum. Vinnuvélar eru þó ekki nefndar sérstaklega í þessu tilliti. Orkuveita Reykjavíkur hefur undanfarin ár verið með bíla í sinni þjónustu sem

ganga fyrir vistvænu eldsneyti og stefnir hún meðal annars að því að nota fyrst og fremst vistvæn farartæki og vinnuvélar knúnar vistvænum orkugjöfum. Ljóst er að með auknum framkvæmdum og þenslu í atvinnulífinu er mikilvægt að huga að þessum málum af alvöru og ekki nægir að framfylgja umhverfisstefnu einungis í orði heldur líka á borði.

-hs

NOTUÐ TÆKI



IVECO Daily 35S18D
Árgerð 2007 - Ekinn 6000 km
7 manna vinnuflokkabíll með föstum palli



VW LT-35
Árgerð 2004 - Ekinn 120000 km



Mercedes Benz Sprinter 312D
Árgerð 1997 - Ekinn 200000 km



VW LT-46
Árgerð 2003 - Ekinn 120000 km
Kassi og lyfta



IVECO Eurocargo ML120E23FP
Árgerð 1997 - Ekinn 254000 km
Kassi á gámagrind og lyfta



Volvo FM 7
Árgerð 2001 - Ekinn 195000
Vörukassi, 2ja tónna lyfta og bakkmyndavél



Mercedes Benz Atego
Árgerð 2001 - Ekinn 293000 km
Kassi og 1,5 tónna lyfta



IVECO Eurocargo ML120E24FP
Árgerð 2001 - Ekinn 146000 km
Kassi og lyfta



Renault Master sendibifreið
Árgerð 2001 - Ekinn 136000 km.
Lyfta og hliðarhurð báðum megin



Hágæða vörur á góðu verði

auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

NÝTT

NÝTT

VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA



aldrei
að skafa

Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto
Feel the drive

Parlok vörubílabretti úr polyethylen



SV vörubílademparar viðhaldsfríir - mjög sterkir



Ryðfríir kassar



margar gerðir
frábært verð

NÝTT

NÝTT

Holland dráttarstólar 25 og 36 tónna • Undirvagnsvarnir með ljósum

Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar BAWER ryðfríir kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf

Bíldshöfða 16 | 567 2330

af öllum Nettoline innréttingum
20% afsláttur
til 17. nóvember

Jólin nálgast!

20% afsláttur af öllum nettoline innréttingum til 17. nóvember

Tilboðinu lýkur 17. nóvember og verður ekki framlengt aftur!

NÝJAR SÝNINGARINNRETTINGAR - KOMDU OG SKOÐAÐU!

af öllum Nettoline innréttingum
20% afsláttur
til 17. nóvember

nettoline
AÚÐVÉLT - FLJÓTTLEGT - ÓDÝRT



Hlýtt og notalegt

NICE hvítt



BEYKI
HVÍTT MATT
HVÍTT HÁGLANS

Í takt við tímann

PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi

TORINO hnota



Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuástaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR
INNRETTINGAR Í ÖLL
HERBERGI HEIMILISINS
Veldu um
59 hurðagerðir og - liti



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

25% JÓLA-AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM!
þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, m.a. vorum við að fá sendingu af spanhelluborðum, sem við bjóðum á frábæru jólatilboðsverði.

ÞITT ER VALIÐ!

Þú velur um að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetninguna. Við önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!

Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 16

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Velkominn í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

HEILDARLAUSNIR



FYRIR VERKTAKA

Hjólaskóflur

- TIL FORYSTU Í ÖLL VERK!

GÆÐAVÉLAR Í STÓR OG SMÁ VERK

Fjöl margar stærðir og gerðir

Skotbómulyftarar

Traktorsgröfur

- Beltagröfur
- Traktorsgröfur
- Hjólaskóflur
- Skotbómulyftarar
- Mini gröfur
- Valtarar
- Jarðvegsþjoppur

Stórar Beltagröfur

Beltagröfur



Mini - vélar

Jarðvegsþjoppur

BREIÐ LÍNA IVECO ATVINNUBÍLA

- ÁVALLT Í FREMSTU RÖÐ!



EURO CARGO

Einn vinsælasti millistærðar vörubíllinn í Evrópu



DAILY PROFESSIONAL DNA

Vinnuflokkabílar - Pallbílar - Sendibílar - Gindarbílar



STRALIS

Býður þér frábært vinnuumhverfi og hagkvæman rekstur

- ✓ Ný hönnun
- ✓ Meira rými
- ✓ Aukin gæði
- ✓ Meira afl
- ✓ Aukin afköst
- ✓ Aukin þjónusta
- ✓ Rekstraröryggi



TRAKKER

Trukkurinn fyrir verktakana